



Togarinn Ottó N. Þorláksson kom að bryggju í gær eftir vel heppnaðan túr. Birkir Hrnannar Hjálmarsson, útgerðarstjóri ísfiskskipa hjá HB Granda, sagði að vel hefði veiðst af ufsa, karfa og þorski. Í bakgrunni sést Harpa en reksturinn þar er ekki á sama flugi og í útgerðinni því samanlagt tap rekstrarfélags hússins nemur 3,2 milljörðum króna frá opnun þess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Réttindi og skyldur NPA-starfsfólks óljós

Ekki liggur fyrir hve langt starfsskyldur aðstoðarfólks fatlaðra ná eða hvernig aðbúnaði skuli háttað. Lög um NPA samþykkt í liðinni viku. Erfiðustu málin sem við fáum segir sviðsstjóri kjaramála Eflingar. Aðstoðarmaður ráðherra segir stefnt að því að skipa starfshóp.

**VELFERÐARMÁL** Mánaðarlega leitar aðstoðarfólk fatlaðra einstaklinga til Eflingar til að kanna hvort verið sé að brjóta á réttindum þess. Spurningarnar varða meðal annars hvort verið sé að greiða því rétt álag vegna vinnutíma og hve langt starfsskyldur þess ná.

„Þetta eru erfiðustu málin sem koma inn á borð okkar en í hverjum einasta mánuði fáum við til okkar

starfsfólk sem telur að verið sé að brjóta á sér. Við teljum að brotin séu fleiri en margir hafa samkennd með skjólstæðingi sínum og veigra sér við að kanna stöðu sína,“ segir Harpa Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjaramála Eflingar.

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, oft kennd við notendastýrða persónuaðstoð (NPA), voru samþykkt á

Alþingi í vikunni. Við þinglega meðferð málsins gerðu fulltrúar stettarfélag athugasemdir við hagsmuni og starfsskilyrði starfsmanna. Ekki liggir fyrir hvernig vinnu- og hvíldartíma skuli háttað auk þess að ekki er ljóst hve langt aðstoðin skuli ná.

Frá því að tilraunir með NPA-verkefnið hófust hefur verið í vinnustaðalögum bráðabirgðaákvæði um að heimilt sé að víkja frá ákvæðum um

hvíldartíma og næturvinnutíma með samningi. Gildandi samningar heimila meðal annars tveggja sólarhringa vaktir og að fyrir „sofandi næturvaktir“ sé greidd dagvinna.

„Ekki allir eru að vinna samkvæmt slíkum samningi heldur eru verktakar. Þá liggur ekki nægilega fyrir hverjar starfsskyldurnar eru,“ segir Harpa.

„Þegar verkefnið hófst stóð ávallt til að hagsmunaaðilar kæmu saman

og teiknuðu upp hvernig aðbúnaði og réttindum starfsfólks yrði háttað,“ segir Arnar Þór Sævarsson, aðstoðarmaður Ásmundar Einars Daðasonar félags- og jafnréttismálaráðherra. Stefnt er að því að skipa starfshóp um efnið. Ekki liggur fyrir hvenær hann skili af sér. Gildistími áður nefnds bráðabirgðaákvæðis verði sennilega framlengdur á meðan. —jóe

### HM í hættu hjá Aroni Einari

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska fótboltalandsliðsins, er meiddur og þarf að gangast undir aðgerð. Aron Einar meiddist í leik með Cardiff City í ensku B-deildinni um helgina og við nánari skoðun kom í ljós að hann er tognaður á ökkla og er með rifu í utanverðum liðþófa í hné. Aron Einar segist þó vongóður um að verða klár í slaginn fyrir fyrsta leik á HM 16. júlí.

— íps / sjá síðu 12



### Villandi símtöl til innflytjenda

**STJÓRN MÁL** Innflytjendur hafa fengið símtöl frá Sjálfstæðisflokknum þar sem fullyrt er að þeir megi ekki kjósa í komandi borgarstjórnarkosningum nema vera með ríkisborgararétt á Íslandi. Hið rétta er að fólk má kjósa í sveitarstjórnarkosningum eftir þriggja til fimm ára búsetu á landinu.

„Þetta hafa bara verið byrjendastök hjá einum sjálfboðaliðanum okkar,“ svaraði Sandra Hlíf Ocares, kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, sem þó taldi í upphafi samtals við blaðamann að íslenskt ríkisfang þyrfti til að mega kjósa í borgarstjórnarkosningunum.

Sabine Leskopf, sem er í 6. sæti á lista Samfylkingar í Reykjavík, segir mjög bagalegt að flokkarnir gefi innflytjendum villandi upplýsingar.

— að / sjá síðu 6

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Það er kominn tími á flashmob skrifar Guðmundur Steingrímsson. **11**

**SPORT** Darri Hilmarrsson kvaddi KR með Íslandsmeistaratitli. **12**

**TÍMAMÓT** Um átján þúsund manns eru nú sögð hafa hlaðið niður íslenska gönguleiðappinu Wappi. **16**

**LÍFID** Köld böð í Hollywood og Faxafeni. **22**

**PLÚS 3 SÉR-  
BLÖÐ • FÓLK  
• GARÐAR  
OG HELLU-  
LAGNIR  
• FAST-  
EIGNIR**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Betolvex B-12




Fæst án lyfseðils

Actavis

## NUTRILENK öflugur liðstyrkur



## Veður



Hæg vestlæg átt á morgun en strekkingur á austanverðu landinu fram eftir degi. Rigning með köflum en þurr á Norðaustur- og Austurlandi. Úrkomulítið um vestanvert landið um kvöldið. **SJÁ SÍÐU 18**

## Óánægju gætir meðal árrisulla sundlaugargesta

**HAFNARFJÖRÐUR** Óánægju er meðal starfsfólks sundlauga í Hafnarfirði sem og fastagesta vegna nýrra sumaropnunartíma að sógn Gunnars Axels Axelssonar, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar. Breyta á opnunartímanum þannig að laugin verður opnuð seinna um helgar.

Gunnar segir opnunartímana hafa verið samþykkt í góðri trú í desember við umræðu um fjárhagsáætlun. „Síðan berast mér upplýsingar um að það séu átök við starfsmenn sundlauganna. Þá fer ég að skoða málið betur,“ segir Gunnar.

Hann segist hafa haft samband við starfsfólk sundlauganna sem hafi staðfest breytingar á vaktafyrir-



Gunnar Axel Axelsson.

komulaginu og það taki gildi 1. maí samhlíða nýjum opnunartímum. Þá þýði breytingarnar að starfsfólk þurfi að taka á sig kjaraskerðingu. „Þeir sem ég hef talað við staðfesta að starfsfólk muni lækka um um það bil 20 þúsund krónur á mánuði.“

Þá hafi Gunnari ofboðið minnisblað sem inniheldur tillögurnar en var ekki birt með fundargerð af fundi fræðsluráðs þar sem málið var afgreitt. Þar er sagt að „fáeinir árrisullir fastakunnar gætu verið ósáttir“, og tekið fram að meðalaldur fólksins í hópi fastakunnna sé nokkuð hár.

„Mér vitandi hefur ekki verið gerð nein sérstök könnun á aldri sundlaugargesta og í raun sé ég ekki hvaða máli hann skiptir,“ segir Gunnar sem telur ástæðuna fyrir því að opnunartímarnir skuli ekki fá að halda sér á morgnana vera sparnað.

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri vill ekki tjá sig um málið en bendir á næsta bæjarstjórnarfund. – gþs

## Salibuna í suddanum



Þótt veðrið hafi verið fremur hryssingslegt á höfuðborgarsvæðinu í gær var hægt að halda áfram að skemmta sér utandyra eins og þessi gestur í Sundlaug Seltjarnarness nýtti sér óspart með því að skella sér í salibunu í vatnsrennibrautinni. Veðurstofa Íslands boðar rigningartíð út vikuna á suðvesturhorninu, jafnvel með slyddu og hreinlega snjókomu inn til landsins og víðar um landið. Færð gæti spillt á heiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Risasamruni í Bretlandi

**BRETland** Yfirvofandi samruni dagvöruekjanna Sainsbury's og Asda vekur mikla athygli þar í landi. Samkvæmt BBC gæti verið um að ræða viðskipti upp á tíu milljarða punda, jafnvirði 1.400 milljarða króna.

Stjórnmalamenn undirstrika að samkeppnisyrðir verði að skoða samrunann ofan í kjölinn. Saman myndu Sainsbury's og Asda vera með um 2.800 verslanir sem hefðu 31,4 prósent af brekka dagvörumarkaðnum. Talið er að báðum nöfnunum verði haldið ef af samruna verður. Samruninn yrði sá stærsti í smásölugeiranum í Bretlandi frá því Morrisons yfirtók Safeway árið 2004.

„Samkeppnisrannsóknin verður að snúast um viðskiptavinina,“ sagðir sir Vince Cable, leiðtogi Frjálsra demókrata, við BBC.

Eigandi Asda er bandaríska fyrirtækið Walmart. – gar

# Leggur ekki fram gögn nema á lokuðum fundi

Bragi Guðbrandsson ætlar að meta framboð sitt til barnaréttanefndar SP út frá niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis, taki embættið mál hans til skoðunar. Ásmundur Einar Daðason situr fyrir svörum velferðarnefndar um málið í dag.

**STJÓRNSÝSLA** Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, ætlar að leita til Umboðsmanns Alþingis og leggja fram þá ósk að embættið taki til meðferðar alla embættisfærslu sína hjá Barnaverndarstofu sem varðar þau mál sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum upp á síðkastið.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Bragi sendi fjölmiðlum síðdegis í gær.

Í dag fer fram opinn fundur velferðarnefndar Alþingis þar sem Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra mun sitja fyrir svörum.

Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar og þingmaður Pírata, segir fundinn snúa að ábyrgð ráðherra í þessu máli sem og upplýsingaskyldu hans gagnvart nefndinni og Alþingi. Nefndin óskaði eftir gögnum úr ráðuneytinu í mars er vörðuðu embættisfærslur Braga. Þau gögn bærust ekki fyrr en í síðustu viku.

Bragi mun koma fyrir velferðarnefnd á miðvikudag. Um helgina sendi hann nefndinni bréf og óskaði eftir fundi við fyrsta tækifæri. Hann taldi sig geta varpað nýju ljósi á málið sem mundi kollvarpa þeirri mynd sem dregin hefur verið upp í umfjöllun Stundarinnar og í kjölfar hennar.

Aðspurður segist Bragi þurfa að hugsa sig um hvort þau gögn sem um ræðir verði lögð fram á fundi hans með velferðarnefnd.

„Nú hefur málið tekið þennan snúning svo ég á eftir að leggja mat á það. Það ræðst líka af því hvort fundurinn sé opinn eða lokaður. Ég get ekki lagt fram gögn sem eru



Bragi Guðbrandsson kemur fyrir velferðarnefnd Alþingis á miðvikudag.

**Nú hefur málið tekið þennan snúning svo ég á eftir að leggja mat á það. Það ræðst líka af því hvort fundurinn sé opinn eða lokaður. Ég get ekki lagt fram gögn sem eru trúnaðarmál ef hann er opinn.**

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu

trúnaðarmál ef hann er opinn,“ segir Bragi og bætir því við að ákvörðun Umboðsmanns um aðkomu að málinu skipti líka máli.


Bragi segir Umboðsmann Alþingis vera embætti sem njóti mikils trausts og að hann hafi í langan tíma hugsað um að leita eftir meðferð þess á málinu. Niðurstaða Umboðsmanns skiptir Braga sköpum varðandi framboð hans til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.

„Það gefur augaleið að ég mun skoða framboð mitt í ljósi niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis. Leiði sú niðurstaða í ljós að ég hafi brotið af mér í starfi mun ég axla ábyrgð í samræmi við það,“ segir Bragi um framboðið í niðurlagi yfirlýsingarinnar. gretarhor@frettabladid.is

## Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn



# Halló, Ísland. Mercedes-Benz fer hringinn.

Við gerum víðreist í maí og bjóðum þér og öðrum landsmönnum að kynnast fjölbreyttum flota fólks- og atvinnubíla Mercedes-Benz. Söluáðgjafar verða á staðnum og bjóða gestum upp á reynsluakstur. Hlökkum til að sjá þig.

**Mercedes-Benz verður á eftirtöldum stöðum frá kl. 12–16:**

- |   |   |
|---|---|
| 1. maí: Akranes – Bílas bílasala        | 9. maí: Egilsstaðir – Bílaverkstæði Austurlands |
| 2. maí: Grundarfjörður – Við Kjörbúðina | 10. maí: Höfn í Hornafirði – N1                 |
| 3. maí: Sauðárkrúkur – Bílaverkstæði KS | 12. maí: Selfoss – Bílasala Selfoss             |
| 5. maí: Akureyri – Höldur bílasala      |   |

## Mercedes-Benz



# Skaðabótamáli konu vegna afleiðinga nauðgunar vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Skaðabótamáli, sem höfðað var til greiðslu skaðabóta vegna nauðgunar, var á dögnum vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ástæðan var að stefna málsins hafði ekki verið löglega birt.

Málið varðar nauðgun sem kærð var í desember 2014. Atvikið sjálf á að hafa orðið á Ísafirði í september 2014 og leitaði konan á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða vegna þess.

Að rannsókn lögreglu lokinni var málið sent saksóknara sem krafðist

frekari rannsóknar en þá kom í ljós að sýnum, sem tekin höfðu verið á heilbrigðisstofnuninni, hafði verið eytt. Var málið því fellt niður þar sem það þótti ekki líklegt til sakfellingar.

Konan ákvað að því loknu að höfða mál til viðurkenningar á bótarétti sínum vegna afleiðinga atburðarins. Hún bar að tveir útlendir menn, sem flust hefðu sérstaklega til Ísafjarðar til að spila knattspyrnu, hefðu nauðgað sér og

» **Tveir menn sem kona sakar um nauðgun á Ísafirði fyrir þremur og hálfu ári eru erlendir og komu þangað til að spila fótbolta með liðinu á staðnum. Annar maðurinn er fluttur til Bretlands og hefur lögmanni konunnar ekki tekist að hafa uppi á aðsetri hans þar.**

ad þeir hefðu tvíeflst við mótspyrnu hennar. Annar mannanna býr enn hér á landi en hinn leikur nú í Bretlandi.

Lögmaður konunnar reyndi að hafa uppi á hinum síðarnefnda gegnum Facebook og LinkedIn en án árangurs. Þá svaraði núverandi lið hans ekki spurningum um aðsetur hans og ekki var upplýsingar um aðsetur hans að finna hjá breskum stjórnmöldum. Var stefnan því birt í Lögbirtingablaðinu.

Dómurinn taldi ekki reynt til þrautar að birta manninum stefnuna samkvæmt breskum lögum. Hægt væri að leita til bresks birt-ingarvotts og birta stefnuna þar sem maðurinn hittist fyrir. Skilyrði fyrir birtingu í Lögbirtingablaðinu voru því ekki uppfyllt og málinu vísað frá dómi.

Ekki hefur tekist að ná í lögmanni konunnar í gær þrátt fyrir tilraunir Fréttablaðsins frá því í síðustu viku. – jõe



Páll Valur Björnsson er fyrir miðju.

## Samfylking nær að manna lista

**GRINDAVÍK** Samfylkingin í Grindavík hefur kynnt framboðslista fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Páll Valur Björnsson fyrrverandi alþingismaður, er í fyrsta sæti og í öðru sæti er Marta Sigurðardóttir, viðskiptastjóri og sitjandi bæjarfulltrúi. Í þriðja sæti er Alexander Veigar Þórarinnsson, kennari og knattspyrnumaður.

Fyrr í vor lýsti Páll áhyggjum af framboðsmálum Samfylkingarinnar í Grindavík. Ekkert gengi að finna fólk sem reiðubúið væri til framboðs. Nú hefur hins vegar tekist að manna lista sem var kynntur í gær. – aa

## Ekki sátt um tillögu Haga

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið telur að Hagar hafi ekki sýnt fram á í nýrri samrunatilkynningu að þar sé leyst úr öllum samkeppnislegum vandamálum sem leiði af samruna Haga við Olís og fasteignafélagið DGV. Því sé ekki hægt að fallast á tillögu Haga að sátt vegna málsins.

„Hagar vinna nú að því að koma athugasemdum við frummatíð á framfæri og eftir atvikum veita Samkeppniseftirlitinu frekari upplýsingar með það að markmiði að ná sátt um samrunann. Málinu getur því enn lokið með setningu skilyrða fyrir samrunanum eða ógildingun hans,“ segir í tilkynningu um málið frá Högum. Minnt er á að viðskiptin séu háð fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. – gar

# Fólk geti skoðað innistæður í bönkum í gegn um Facebook

Því er spáð að tekjumódel banka muni gerbreystast við innleiðingu á nýrri Evróputilskipun. Samkeppni muni aukast mikið á markaðnum. Hugsanlegt að viðskiptavinir muni geta nálgast upplýsingar um banka innistæður sínar á Facebook. Staðan á reikningum birtist jafnvel í hvert sinn sem farið verður á Facebook.

**VIÐSKIPTI** „Þetta er risabreyting,“ segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, um breytingar sem verða á fjármálakerfinu vegna nýrrar Evróputilskipunar, sem kölluð er PSD2.

Gert er ráð fyrir að með tilkomu PSD2 aukist samkeppni á fjármálamarkaði mikið og tekjumódel bankanna gerbreystist. Samkvæmt tilskipuninni verður bönkum skylt að veita öðrum fyrirtækjum aðgang að greiðslumiðlum sínum. Tilskipunin hefur þegar tekið gildi innan ESB og tekur gildi hér á landi á næsta ári.

Birna nefnir Facebook sem dæmi um þriðja aðila í samstarfinu. Viðskiptavinir bankanna geti þá óskað eftir því við bankann að mögulegt verði að birta persónulegar upplýsingar um þá, reikningsinnistæður og fleira. Þriðji aðili, eins og Facebook, myndi þó aðeins veita slíkar upplýsingar með vilja reikningseigenda og þyrfti jafnframt að vera vaktaður.

„Þú getur séð fyrir þér til dæmis Facebook-síðuna þína. Þegar þú ferð þangað inn að þá sé þar hnappur og þú kemst inn á bankareikningana þína og jafnvel að staðan á reikningnum þínum birtist í hvert skipti sem þú ferð inn á Facebook. Við erum að byggja okkar kerfi þannig að þetta sé mögulegt,“ segir Birna.

Fyrirkomulagið á færslum mun líka breytast. „Þannig að nú geta seljendur átt beina leið inn á reikning til að taka út af honum, ekki í gegnum kort eða í gegnum greiðslumiðlunarkerfi bankanna. Við þurfum að geta gert það að verkum að það sé hægt,“ bætir Birna við.

Íslandsbanki opnar bankann sinn í dag fyrir samstarfi við önnur fyrir-



Birna Einarsdóttir bankastjóri segir Íslandsbanka nú þegar hafa undirbúið sig í marga mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

tæki. „Við ætlum að vera á undan löggjöfinni og erum búin að vera að undirbúa okkur í marga mánuði. Við ætlum ekkert að bíða eftir því að okkur verði ýtt út í þetta,“ segir Birna.

Bankinn opnar vefsíðu þar sem fjártækni fyrirtæki geta með aðstoð starfsfólks Íslandsbanka þróað leiðir í samstarfi við bankann í þessu. „Við vitum að það eru mörg litil fjártækni fyrirtæki sem eru að velta fyrir sér ýmiss konar lausnum,“ segir Birna.

Hagkvæmasta leiðin sé að bankinn og önnur fjártækni fyrirtæki vinni í samstarfi.

„Við viljum bara opna bankann fyrir nýjum tækifærum og gefa þeim aðgang að svæði þar sem þau getað prófað sig áfram og við getum hjálpað þeim. Við gætum alveg farið aðra leið, að ráða fullt af fólki og allar hugmyndirnar um hvað hægt væri að gera kæmu frá okkur. En það er miklu betra að litlu fyrirtækin og þau stóru komi og vinni saman að

lausnum,“ segir Birna. Gæta verði ýtrasta öryggis við þessa vinnu.

Birna veur athygli á því að ýmis vinna sé eftir í íslenskri löggjöf til að hægt sé að innleiða PSD2-tilskipunina hér á landi. Til dæmis á eftir að vinna staðla sem þriðji aðili þarf að uppfylla. Svo á eftir að ákveða hver verður vottunaraðili og votta það að þriðji aðili sé til þess bær að taka við upplýsingunum. Þessi vottunaraðili geti til dæmis orðið Fjármálaeftirlitið. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Bæjarstjórinn tjáir sig ekki um meint vanhæfi bæjarfulltrúa í Sundhallarmáli

**REYKJANESBÆR** Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjaneshæjar, vildi ekkert gefa upp um afstöðu bæjarstjórnar Reykjaneshæjar vegna meints vanhæfis Unu Mariu Unnarsdóttur í atkvæðagreiðslu um nýtt deiliskipulag á Framnesvegi 9 og 11 í bænum, sem gerir ráð fyrir því að Sundhöllin í Keflavík verði rifin.

Atkvæði Unu ræð úrslitum við samþykkt nýja deiliskipulagsins, en föðurbróðir Unu, Halldór Ragnarsson, og sonur hans, Heiðar Halldórsson, eru eigendur lóðanna. Á Framnesvegi 9 stendur Sundhöllin.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá á föstudag hefur Skipulagsstofnun sent bæjarstjórn Reykjaneshæjar bréf þar sem athugasemdir eru gerðir við deiliskipulagsbreytingarnar og í bréfinu er óskað eftir viðbrögðum sveitarstjórnarinnar vegna meints

» **Við höfum frest til 9. maí til að svara Skipulagsstofnun og erum bara í þeirri vinnu.**

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjaneshæjar



» **Kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir á lóð Sundhallarinnar og á næstu lóð er sagður hlaupa á nokkrum milljörðum króna.**

vanhæfis Unu Mariu, áður en stofnunin taki afstöðu til vanhæfisins og þess hvort nýtt deiliskipulag standist lög.

„Viðbrögð okkar liggja ekki fyrir. Við höfum frest til 9. maí til að svara Skipulagsstofnun og erum bara í þeirri vinnu,“ segir Kjartan Már og vill ekkert gefa upp um framhaldið.

Fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt nýju deiliskipulagi á lóðunum tveimur hlaupa á nokkrum milljörðum króna. Sundhöllin hafði verið til sölu um nokkurra ára skeið þegar Landsbankinn seldi hana eignarhaldsfélagi Halldórs og Heiðars fyrir 36,5 milljónir í apríl í fyrra. Þá var ekkert deiliskipulag til fyrir löðirnar. Kaupandinn mun hafa keypt í þeirri von að nýtt deiliskipulag yrði gert, en aðalskipulagið gerir ráð fyrir íbúabyggð á svæðinu. – ósk

SUNSTAR  
**G·U·M**  
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

SUNSTAR GUM Original White

ARTASAN  
www.artasan.is

# NÝR OG GLÆSILEGUR SUBARU XV



**SUBARU XV PREMIUM**, bensín, sjálfskiptur  
Með EyeSight öryggismyndavélum  
Eyðsla 6,6 l/100 km\* – verð frá: 4.990.000 kr.

## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

**EyeSight** öryggiskerfið er eitt það fullkomnasta sem völ er á. Það tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

 **EyeSight**  
Driver Assist Technology



**SUBARU**

*Confidence in Motion*

**B/L**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

**Bílasalan Bílás**  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622


**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

**IB ehf.**  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

# FRÁBÆR FJÖLSKYLDU- SAGA



Ný skáldsaga eftir Steinunni G. Helgadóttur, höfund *Raddir úr húsi loftskammtamannsins*

Listilega spunnin saga í gráglettnum stíl um kunnuglegt fólk úr hversdeginum

Um *Raddir úr húsi loftskammtamannsins*:



„Góð og gleðileg frumraun nýs sagnaskálds.“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Frábært persónugallerí ... Stíllinn er bara svo skemmtilegur. Hún er bráðfyndin ...“

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR / KILJAN

„Óhemju áhugavert og frumlegt verk.“

EGILL HELGASON / KILJAN

Einnig fánleg í rafbók!



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)  
Opíð alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16

## Öskruðu úr sér lungun



Súmóglímukappi skelfir líftórana úr japönsku barni á árlegri nakizumo-hátíð. Foreldrar 160 barna afhentu þau ókunnugum mönnum sem kepptust um að láta börnin grenja í Sensoij-hofinu. Barnið sem hæst lét sigraði. Hefðin er um 400 ára gömul og byggist á því að börn sem gráta hátt séu með heilbrigð lungu. NORDICPHOTOS/AFP

## Innflytjendur fá röng boð um kosningarétt

Innflytjendur fá símtöl frá skrifstofu Sjálfstæðisflokks með upplýsingum um að ríkisborgararétt þurfi til að kjósa í borgarstjórnarkosningum. Innflytjandi á lista Samfylkingar segir meirihluta innflytjenda ómeðvitaðan um kosningarétt sinn.

**STJÓRNMÁL** Breska kona, búsett í Reykjavík, fékk símtal frá Sjálfstæðisflokki um helgina og var spurð hvort sonur hennar væri heima og hvort hann væri með íslenskt ríkisfang. Þegar hún óskaði skýringa á spurningunni var henni tjáð að það væru að koma borgarstjórnarkosningar og sonur hennar gæti ekki kosið nema hann væri íslenskur ríkisborgari.

Breska konan sem vissi betur vakti athygli á þessu á spjallsvæði innflytjenda á Facebook þar sem nokkrar umræður spruttu um efnið. Ólíkt alþingiskosningum þar sem eingöngu ríkisborgarar hafa kosningarétt hafa innflytjendur rétt til að kjósa til sveitarstjórna hafi þeir búið á landinu um nokkurra ára skeið; þriggja ára ef um innflytjendur frá Norðurlöndunum er að ræða en fimm ára ef þeir koma annars staðar frá.

„Þarftu ekki að vera með íslenskan ríkisborgararétt til að hafa kosningarétt?“ spyr Sandra Hlíf Ocares, kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, blaðamann Fréttablaðsins þegar hún er innt eftir svörum um hverju þetta sæti.

„Við erum náttúrulega að hringja í kjörskrána og minna fólk á kosning-

### Hverjir mega kjósa til sveitarstjórna?

- Íslenskir ríkisborgarar sem náð hafa 18 ára aldri þegar kosning fer fram og eiga lögheimili í sveitarfélaginu.
- Danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag.
- Aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt fyrir kjördag.

arnar almennt,“ segir Sandra eftir að hafa kynnt sér málið en hún var nýkomin til Valhalla þegar Fréttablaðið hafði samband. Hún segir þá sem hringja fyrir flokkinn vera sjálfboðaliða og hún hafi nú brýnt fyrir þeim að spyrja ekki persónulegra spurninga. „Það eru mjög strangar reglur um þessar úthringingar og við höfum verið alveg skýr með þær. Þetta hafa bara verið byrjendamis-tök hjá einum sjálfboðaliðanum okkar,“ segir Sandra.


Langflestir sem ég ræddi við bara nokkrum dögum fyrir kosningar höfðu ekki hugmynd um að þeir mættu kjósa.

Sabine Leskopf sem skipar 6. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík



Sabine Leskopf sem skipar 6. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík segir mjög bagalegt að flokkarnir gefi villandi upplýsingar til þessa hóps enda mikilvægt að valdefla innflytjendur og koma réttum upplýsingum á framfæri um kosningarétt þeirra. „Ég hringdi í mjög mikið af innflytjendum fyrir kosningarnar 2014 og langflestir sem ég ræddi við bara nokkrum dögum fyrir kosningar höfðu ekki hugmynd um að þeir mættu kjósa,“ segir Sabine. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

# Við sköpum lifandi hafnarhverfi í hjarta miðborgarinnar.



AUSTURHÖFN

101 REYKJAVÍK

71 ÍBÚÐ Á EINSTÖKUM STAÐ Í NÝJU HAFNAR-  
HVERFI Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR. ALLT ÞAÐ  
BESTA SEM BORGARLÍFIÐ HEFUR UPP Á AÐ  
BJÓÐA Í NÆSTA NÁGRENNI. FALLEGT ÚTSÝNI  
ÚT Á SUNDIN OG YFIR ESJUNA.

[WWW.AUSTURHOFN.IS](http://WWW.AUSTURHOFN.IS)



Bláa Lónið segist auka samkeppni en ekki minnka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hafna gagnrýni frá Gray Line

**SAMKEPPNISMÁL** „Bláa Lónið hf. visar fullyrðingum forráðamanna Gray Line um samkeppnishindranir af hálfu Bláa Lónsins hf. alfarið á bug,“ segir í yfirlýsingu sem baðfyrirtækið sendi frá sér í gær og sögð var gefin vegna fullyrðinga frá Gray Line í tengslum við uppsagnir starfsmanna þess fyrirtækis.

**Fjölmargir ferðaþjónustuaðilar hafa, þrátt fyrir sérstöðu Gray Line að þessu leyti, stundað hópferðaakstur til og frá Bláa lóninu.**

Bláa Lónið hf.

Bláa Lónið hefur sagt upp samningi við Gray Line og hyggst sjálf selja ferðir á staðinn. Í yfirlýsingu Bláa Lónsins segir að Gray Line hafi í krafti stærðar notið þeirrar sérstöðu undanfarin ár, umfram flesta aðra samkeppnisaðila sína, að hafa fengið að selja aðgang að Bláa lóninu í gegnum rafræna beinlínutengingu við kerfi Bláa Lónsins hf.

„Fjölmargir ferðaþjónustuaðilar hafa, þrátt fyrir sérstöðu Gray Line að þessu leyti, stundað hópferðaakstur til og frá Bláa lóninu bæði með og án þess að selja aðgang að Bláa lóninu samhliða. Með því að fella niður rafræna beinlínutengingu Gray Line við kerfi Bláa Lónsins hf. er þannig þvert á móti verið að jafna stöðu Gray Line og annarra aðila á ferðaþjónustumarkaði sem eru í samkeppni við Gray Line,“ segir í yfirlýsingu Bláa Lónsins. – gar

# Lögreglustjóri í fangelsi vegna aðgerðar gegn blaðamönnum

Stjórnandi handtöku á tveimur blaðamönnum Reuters gerðist brotlegur við starfsreglur lögreglunnar að dómi lögregluréttar í Mjanmar. Hann hafði sagt að honum hefði verið fyrirskipað að leggja gildru fyrir blaðamennina. Blaðamennirnir voru að vinna umfjöllun um þjóðernishreinsanir á Róhingja-múslimum.

**MJANMAR** Moe Yan Naing, mjanmarskur lögreglustjóri, hefur verið dæmdur í fangelsi í ótilgreindan tíma fyrir að brjóta gegn agareglum lögreglunnar þar í landi. Brot Niang felst í því að hafa upplýst um að tveir blaðamenn Reuters hafi verið gíntir til lögbrota.

Frá í janúar hafa staðið yfir í Yangoon, fyrrverandi höfuðborg landsins, réttarhöld yfir blaðamönnum tveimur. Þeim Wa Lone og Kyaw Soe Oo er gefið að sök að hafa brotið gegn upplýsingalögum með því að taka við leyniskjöllum mjanmarskra stjórnvalda. Á verknaðarstundu voru mennirnir tveir að vinna að umfjöllun um þjóðernishreinsanir stjórnvalda á Róhingja-múslimum í Rakhine-héraði. Talið er að minnst þúsund hafi flúið landið til að freista þess að bjarga lífi sínu. Fjörtán ára fangelsisrefsing liggur við brotum gegn lögunum.

Fyrirnefndur Naing stýrði aðgerðum sem leiddu til handtöku blaðamannanna þann 12. desember síðastliðinn. Blaðamennirnir höfðu mælt sér mót við uppljóstrara á veitingastað sem ætlaði að afhenda þeim gögnin. Sá maður hafði hins vegar verið sendur af lögreglu. Þegar hann rétti mönnum skjöldin voru þeir handteknir nær samstundis. Naing var handtekinn sama dag.

Þann 20. apríl síðastliðinn var Naing leiddur fyrir dóminn sem vitni. Í skýrslu hans kom fram að honum hefði verið fyrirskipað af yfirmanni sínum að leggja gildru fyrir blaðamennina með það að markmiði að handtaka þá. Hann sagði einnig að frá þeim degi hafi



Lögreglustjórinn Moe Yan Naing yfirgefur réttarsal. Tveir blaðamenn voru leiddir í gildru af lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**Refsingin felst í fangelsisvist. Hvað hitt varðar verður þú að finna það út sjálfur.**

Talsmaður lögreglu í Mjanmar

hann verið í varðhaldi vegna brota í starfi. Frá þeim tíma hafi hann hvorki fengið að hitta né heyra í fjölskyldu sinni.

Í yfirlýsingu frá talsmanni mjanmörsku lögreglunnar, sem send var Reuters í gær, segir að Niang hafi

verið dæmd refsing í kjölfar réttarhalda fyrir lögreglurétti. Afplánun refsingar hans hafi hafist um leið en ekki var tekið fram hve löng hún var. Spurningum Reuters þess efnis og hvar réttarhöldin fóru fram var ekki svarað.

„Refsingin felst í fangelsisvist. Hvað hitt varðar verður þú að finna það út sjálfur,“ sagði Myo Thu Soe, talsmaður lögreglunnar, við blaðamann Reuters.

„Hann er í höndum herforingjanna og þeir gera það sem þeir vilja við hann,“ segir eiginkona Niang, Tu

Tu. Hún hafði ekki fengið vitneskju um refsingu eiginmanns síns fyrr en með yfirlýsingu lögreglunnar. Tu Tu og börn hennar voru flutt af heimili sínu af lögreglumönnum innan sólarhrings frá því að Niang bar vitni. Stjórnendur lögreglunnar segja að sú ákvörðun hafi ekki tengst þeim upplýsingum sem fram komu í máli hans.

Dómari málsins mun á miðvikudag kveða upp úrskurð um það hvort framburður Niang verði metinn áreiðanlegur eður ei.

joli@frettabladid.is

## MORGUNFUNDUR VFÍ Í DAG MÁNUÐAGINN 30. APRÍL KL. 8:30 - 10:15

Grand hótél Reykjavík - Gullteigur. Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8:00.

## Minna skrifræði – meiri ábyrgð Skipulagsferli framkvæmda, skilvirkni í þágu velferðar

Vanda þarf til verka þegar fjallað er um áhrif framkvæmda á umhverfið. Ferlið þarf að vera tiltölulega einfalt og skiljanlegt. Æskilegt er að skrifræði sé minna en meira og allir aðilar, hvort sem það eru stjórnvöld, framkvæmdaaðilar, leyfisveitendur, almennir eða umhverfissamtök, sýni fyllstu ábyrgð.

### DAGSKRÁ:

**Setning - stutt yfirlit: Páll Gíslason, formaður VFÍ.**

**Leiðin að framkvæmdaleyfi – hindranir og óskilvirkni.**  
Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri Þróunarviðs HS Orku.

**Framkvæmdir í sátt við umhverfi og samfélag.**  
**Íslenskar kröfur í alþjóðlegu samhengi.**  
Hólmfríður Bjarnadóttir, skipulagsfulltrúi Veitna.

**Staðan frá sjónarhóli hönnuða og ráðgjafa.**  
Egill Viðarsson, sviðsstjóri Samgöngu- og umhverfissviðs Verkis.

**Skilvirkari og sanngjarnari löggjöf**  
– innan ramma Árósasamkomulagsins og ESA.  
Arnar Þór Stefánsson, hrl. LEX lögmannsstofu.

**Umræður og fyrirspurnir.**

**FUNDARSTJÓRI:**  
Kristjana Kjartansdóttir, tæknifræðingur, situr í stjórn VFÍ.



Skráning á morgunverðarfundinn fer fram á [www.vfi.is](http://www.vfi.is)

Verkfræðingafélag Íslands



Hægt er að ljúka fyrsta máli um heimilisofbeldi með sekt. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fleiri heimilisofbeldismál eftir breytingu í Rússlandi

**RÚSSLAND** Skráð heimilisofbeldismál í Rússlandi hafa nær þrefaldast á stuttum tíma. Ástæðan er talin löggjöf sem afnam fangelsisrefsingu við fyrsta broti. Sektað er í staðinn.

Lagabreytingin tók gildi síðasta vor og mætti umtalsverðri andstöðu. Andstæðingar breytinganna töldu að með lögunum væru stjórnvöld að veita leyfi fyrir slíku ofbeldi. Fylgjendur þess stóðu hins vegar fast á sínu og fóru breytingin í gegn.

Sem fyrr segir fól breytingin í sér að þeir sem gerast brotlegir í fyrsta sinn geta lokið sínu máli með greiðslu sektar. Gerist menn hins vegar ítrekað brotlegir biður þeirra ákæra og sakamál fyrir dómi.

„Breytingarnar tóku gildi í fyrra og þótt undarlegt megi virðast þá hefur skráðum heimilisofbeldismálum fjölgað í kjölfarið,“ segir Ekaterina

Khodzhaeva, doktor í félagsfræði, við Al Jazeera.

„Eins og málum var háttað áður gat það haft áhrif á framtíð barna og fjölskyldu þolandans að hafa skráð mál hans. Það fældi fólk frá því að leita til lögreglunnar. Þessi nýja framkvæmd hefur breytt þessu og fjölgað tilkynntum málum,“ segir Khodzhaeva. Vísar hún í því samhengi til þess að á fyrri helmingi ársins í fyrra hafi tilkynningar þrefaldast.

Andstæðingar laganna telja þau enn skaðsöm og vilja ákvæði um nálgunarbann í rússnesk lög.

„Aðgerðir á borð við nálgunarbann eru ekki refsing gagnvart gerandanum heldur tímabundnar aðgerðir til að koma í veg fyrir frekara ofbeldi og til verndar þolendum,“ segir Oksana Pushkina, rússneskur þingmaður. – joe





**RENAULT**  
Passion for life

# Nýr Renault CAPTUR

Einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki



## KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CAPTUR Í DAG

Renault Captur er einn af vinsælustu bílum landsins í sínum stærðarflokki. Þessi sparneytni og snaggarlegi bíll hefur slegið í gegn hjá kaupendum sem vilja bíl sem þægilegt er að stíga inn í, þeir sitja hátt í og sjá vel út um alla glugga.

Renault Captur er fánlegur beinskiptur eða sjálfskiptur með bensín eða dísilvélum sem nota einungis frá 3,7/100 km\* í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu nýjum Captur í dag.

**RENAULT CAPTUR ZEN**  
**Verð: 2.750.000 kr.**



**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“**

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# Göngugötur



**Kolbrún Bergþórsdóttir**  
kolbrunb@frettabladid.is

**M**íðbær Reykjavíkur á að íða af lífi, þangað á að vera gaman að koma og þar á að vera gott að vera. Þar á að vera pláss fyrir alla, með ákveðinni undantekningu. Þung og mengandi bílaumferð á þar alls ekki heima. Hin umhverfisvænu borgaryfirvöld gera sér vel grein fyrir þessu. Þau hafa lengi reynt að fá borgarbúa til að breyta um lífsstíl, taka upp betri síði og nota annan ferðamáta en að bruna allra sinna ferða á bíl. Ekki gerir það fagnaðarerindi mikla lukku hjá þeim hluta Íslendinga sem unna bíl sínum heitt og hafa enga löngun til að ferðast með strætó, hvað þá að hjóla á milli staða.

Borgaryfirvöld eru ekki að gera kröfuhörðum bílaeigendum sérstaklega til geðs og síst á árstíma eins og þessum. Nú 1. maí hefst tímabil göngugatna í Reykjavík og stendur til 1. október, en þá er bílaumferð bönnuð á ákveðnum götum í miðbænum. Þessar götur eiga það sameiginlegt að gaman er að ganga þær enda eru þær stemningsríkar, og skal þar sérstaklega nefna Austurstræti og Skólavörðustíg. Nú mun það lifga enn meir upp á mannlífið á þeim götum sem nú verða göngugötur að þar verða settir upp bekkir og blómaker. Það mun setja einkar sjarmerandi svip á miðborgina.

Sjálfsgat mun þessi jákvæða breyting skapa ólund hjá einhverjum bílaeigendum sem telja sig eiga rétt á því að komast allra sinna ferða á farartæki sínu og geta lagt því hvar sem er. Lengi hefur verið tuðað yfir bílastæðavanda í miðborginni, þótt ekki verði annað séð en bílastæði blasi svo að segja hvarvetna við. Bílaumferðin um miðbæinn er hins vegar þung og ásókn í bílastæðin svo mikil að ekki komast allir að. Bílstjórar þekkja það mætavel að þurfa að hringsóla lengi um í leit að slíkum stæðum. Ídulega verða þeir að leggja nokkuð frá fyrirhuguðum áfangastað. Þeir stíga síðan út úr bíl sínum og í stað þess að fagna því að fá tækifæri til að víðra sig og ganga einhvern spöl – nokkuð sem þeir ættu bara að hafa gott af – þá bölvá þeir Degi B. Eggertssyni og meirihlutunum í borginni fyrir aðför að einkabílunum. Hinum stressaða nútímamanni, sem fastur er í bíl sínum flesta daga, væri nær að taka upp nýja síði, vippa sér út úr bílunum og stunda hreyfingu.

Miðbær Reykjavíkur á ekki að vera sérstakur gríðastadur bifreiða. Fólk á að njóta þess að ganga um miðbæinn þar sem það getur sest á bekk, virt fyrir sér mannlífið, lítið í verlanir og notið þess að vera til. Það er fátt eftirsóknarvert við miðbæ þar sem er stöðug bílaumferð með tilheyrandi mengun og hávaða. Það er rétt að takmarka bílaumferð í miðbænum en það á ekki að gera einungis á vor- og sumarmánudum, heldur allt árið. Sömuleiðis þarf að fjölga göngugötum. Þannig verður til skemmtilegur miðbær sem fólk leggur leið sína í. Þar á að vera lítið pláss fyrir bíla.

Það er rétt að takmarka bílaumferð í miðbænum en það á ekki að gera einungis á vor- og sumarmánudum, heldur allt árið. Sömuleiðis þarf að fjölga göngugötum.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Óvæntur stuðningur**  
Miðflokkurinn í Reykjavík hefur undanfarið vakið athygli fyrir kosningamyndbönd sín en þar má sjá frambjóðendur flokksins ýmist í vikingaklæðum eða borna um í kóngastól af víkingum. Flokknum barst um helgina óþætlaður, stuðningur úr óvæntri átt. Tólfan, stuðningsmannasveit íslensku knattspyrnulandsliðanna, gaf þá út lag. Í myndbandi við lagið eru víkingar fyrirferðarmiklir og höfðu nokkrir á orði að sótt hefði verið í brunn Miðflokksins. Ólíklegt, en ekki útilokað, verður að telja að það hafi vakað fyrir þeim en líkindin eru hið minnsta fyrir hendi. Nú er bara að sjá hvort takist að „húh-a“ flokkinn inn í borgarstjórn líkt og landsliðið til Rússlands.

**Eftirspurnin**  
Hátt í tuttugu samtök hafa hótad framboði í komandi borgarstjórnarkosningum. Slíkt skapar nokkuð áhugaverða stöðu í kjörklefanum enda viðbúið að kjörseðillinn verði um metri að lengd ef allir manna sína lista. Fjöldi á listunum er einnig umtalsverður eða hátt í þúsund manns. Frambjóðendur verða því tæpt prósent borgarbúa og álika margir og íbúar í tíu fámennustu sveitarfélögum samanlagt. Ástandið er slíkt að þeir sem eiga rata á lista klóra sér sennilega í kollinum. joli@frettabladid.is

## Lögbundin leiðindi



**Gunnlaugur Bragi Björnsson**  
skipar fjórða sæti á framboðslista Viðreisnar í Reykjavík

Í aðdraganda borgarstjórnarkosninga er gjarnan rætt hvort Reykjavík eigi eingöngu að sinna lögbundnum verkefnum og hætta öllu öðru sem gjarnan er slegið upp sem „gæluverkefnum“.

Lögbundin verkefni Reykjavíkurborgar eru sannarlega mikilvæg og jafnvel grunnforsenda hnökralausrar sambúðar borgarbúa. Verkefnum þarf því augljóslega að sinna og það enn betur en áður hefur verið gert. Tækifærin til að bæta þjónustu gagnvart íbúum borgarinnar eru nefnilega fjölmörg.

Þó verkefni séu mikilvæg er ljóst að afþreyingar- og skemmtanagildi þeirra er takmarkað. Malbikun gatna, brunavarnir og úttektir heilbrigðiseftirlits verður seint skemmtiefni sem gefur lífinu í borginni lit. Það gera hins vegar skemmtileg verkefni á borð við borgar- og listahátíðir, skemmtanalíf, íþróttamót og svo framvegis.

Við í Viðreisn viljum borg sem er gott, skemmtilegt og eftirsóknarvert að búa í. Fólk vill einfaldlega frekar búa í og heimsækja borg sem íðar af fjölbreyttu mannlífi. Þess vegna leggjum við áherslu á að Reykjavík laði til sín fleiri fjölbreytta viðburði, t.d. á sviði lista, íþróttar, nýsköpunar og hönnunar. Þess vegna ætlum við líka að einfalda og þjónustuvæða leyfisveitingar í borginni og þannig auðvelda hugmyndaríkum einstaklingum að koma hugmynd í framkvæmd, t.d. þeim sem vilja opna veitinga-, tónleika- eða skemmtistaði.

Við erum líka opin fyrir frjálsari opnunartíma tónleika- og skemmtistaða fjarri íbúabyggð, t.d. á Grandanum sem er að byggjast upp sem blómlegt svæði lista, nýsköpunar, veitinga og skemmtana. Efling þeirrar þróunar á Grandanum er nefnilega raunhæf á komandi kjörtímabili á meðan loford um uppbyggingu fjölda íbúða á sama svæði er í besta falli örverntingarfyll leið til að slá ryki í augu kjósenda.

Viðreisn vill einfaldari, skemmtilegri og skilvirkari Reykjavík þar sem þjónusta við borgarbúa er í forgrunni. Við bjóðum fram krafta okkar því við vitum að ef rekstur borgarinnar er í traustum höndum er hægt að sinna svo mörgu fleiru en bara lögbundnum leiðindum. Svo einfalt er það.

## Varmadælar & loftkæling




**Kyndir húsið á veturna og kæli á sumrin**

**Fyrir norðlægur slóðir**

**Fjarstýring fylgir**

Verð frá aðeins **kr. 155.000 m.vsk**

**Midea MOB12**

**Max 4,92 kW**

**2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)**

**f. íbúð ca 60m<sup>2</sup>.**

**Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land**



**Kælitækni**

# Kominn tími á gott flashmob

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Þegar ég gegndi þingmennsku leitaði ég stundum á náðir ímyndunaraflsins til þess að gera mestu þrætutímabilin í þingsal bæri-legri. Kannski þegar Jón Gunnarsson hafði lagt fram tillögu um að henda upp átta virkjunum með tilheyrandi náttúru-spjöllum sísvona, og fólk var almennt og skiljanlega snælduvitlaust – ég meðtalinn – svo dögum skipti í pontu þingsins, þá var aðkallandi að flýja veruleikann einstaka sinnum í huganum.

Ég sá fyrir mér að þegar deilur væru í hámarki og fólk væri að drepast úr depurð myndi heyrast taktur í þingsal, penna slegið í borð. Það myndi slá þögn á ræðumann. Hann yrði undrandi. Svo heyrðist annar sláttur, annars staðar úr salnum. Annar þingmaður slægi penna í borð. Þá myndi forsetinn ranka við sér. Í stað þess að stöðva þessa harmóníu í fæðingu myndi hann lymaskulega, með brosvipru á vör, slá í bjölluna í takt við pennana.

Ræðumaður væri þá alveg þagnaður. Skyndilega myndi áhorfandi á pöllunum bresta í söng, ung stúlka. Hún myndi syngja eitthvað dásamlega fallegt, uppörvandi og skemmtilegt. Þingheimur stæði upp. Í viðlaginu myndu þingverðir streyma inn í vel skipulagðri röð og hefja dans á gölfi og borðum og henda skjólum upp í loftið. Allir myndu dansa. Hurðir yrðu opnaðar upp á gátt. Allir streymdu út, starfsmenn, þingmenn, áhorfendur, valhoppandi út á Austurvöll. Þar hittu þingheimur fólkið í landinu. Mótmælendur með tunnur kæmu með í taktinn. Lüðrablásarar blésu flottar línur. Túristar dónsuðu hliðar saman hliðar í fallegri röð í alls konar lituðum goretexjökkum. Út úr búðunum

og veitingastöðunum streymdi fólk, konur í doppöttum kjólum og menn með uppþrettar skyrtuermar og sixpensara á höfði. Það yrði dansað niður á höfn, þar sem sjómennirnir slægjust í hópinn. Og svo áfram og upp. Þetta yrði eins og byrjunaratriðið í La land. Allsherjar söng- og dansleikur.

## Kærleikur í Kóreu

Ég hafna því að ég sé afbrigðilegur hvað þetta varðar. Þörfin á því að upplifa hversdagsleikann sem söngleik er sammanleg. Þegar þetta er skrifað hafa 17 milljón manns horft á Facebook á þrjár systur í írsku fjösi syngja og dansa með kútsköftum við lagið 'Don't stop believin'. Fyrir nokkrum árum var efnt til skipulagðra, og óvæntra, dansatriða út um allt. Eiginlega alls staðar nema í þinginu. Það hét flashmob. Heilu verslunarmidstöðvarnar brustu í söng og dans.

Fyrir helgi varð mér hugsað til möguleikans á því að eitt svona atriði myndi eiga sér stað á stjarnfræðilegum skala. Ég eygi möguleika á allsherjar söng- og dansleik á Kóreuskaga.

Eftir áratuga vopnaskak þjóðanna þar hittust þeir Kim Jung-un og Moon Jae-in loksins og ræddu málin á löngum fundi. Þeir voru brosandir. Þeir göntuðust. Þeir féllust í faðma. Það jaðraði við flashmob.

Maður spyr sig: Leyfist manni að vona að loksins hafi þannig ákvarðanir verið teknar innan hins alræmda einræðisríkis, Norður-Kóreu, að fegurð og birta geti loksins flætt þangað inn? Að fólk verði laust úr ánauð? Ég fór eitt sinn að þessum landamærum. Það er ótrúlegt að horfa yfir. Í Norður-Kóreu er enginn skógur. Þar hefur allt verið brennt til að hita upp húsin. Þar eru gerviþorp,



leikmyndir, sem byggð voru af einræðis-stjórninni til að telja umheiminum trú um að allt stæði í blóma. Í hliðinni á einu fjallinu stendur risastór stytta af Kim Il-sung.

Mikið yrði veröldin betri ef þeir félagar, Moon og Kim, myndu leysa ágreininginn með einu góðu söngleikjaatriði, steppa sig inn í frið og kærleika fyrir þjóðirnar báðar. Kannski er það nógu merkilegt atriði í bili, og fagurt, að leiðtogarnir tveir ætli sér að sameina fjölskyldur sem hafa verið aðskildar í áratugi.

## Íslenskur söng- og dansleikur

Svona tíðindi eru æðisleg. Þau vekja von. Kannski eru þetta falsvönir. Kannski er þetta plott vondra manna. En maður getur samt leyft sér að vona. Lífið verður aldrei alveg söngleikur. En það má ímynda sér það, eins og í þinginu

forðum. Kannski gerist það næstum því. Það nægir. Góð tíðindi geta gerst og heimurinn getur tekið framförum.

Tökum Ísland: Það væri æðislegt ef á Íslandi væru einhvern tímann lágr vextir á húsnæðislanum og efnahagslífið væri stöðugt. Ef hér væri fullt af góðum, fjölbreyttum, vel launuðum störfum fyrir fólk með alls konar menntun og hæfileika. Ef heilbrigðisþjónustan væri fullfjármögnuð og skólakerfið líka. Ef vegirnir væru góðir. Ef allir gætu fengið þak yfir höfuðið án þess að eiga 23 þúsund milljónir. Ef allt væri ekki svona rosalega dýrt, þannig að maður gæti sleppt því að fá hjartaflökt og aðsvif um hver mánaðamót. Ef allir væru sammála um það, alltaf, að við ætluðum að vernda íslenska náttúru.

Allt er þetta vel mögulegt. Og það sem meira er: Þetta væri efni í mjög flott flashmob.

Í viðlaginu myndu þingverðir streyma inn í vel skipulagðri röð og hefja dans á gölfi og borðum og henda skjólum upp í loftið.

Spennulosandi

Audi

Q7 e-tron

Á rafmagninu kemstu flestra þinna daglegra ferða en í lengri ferðum tekur dísilvélin við.

Verð frá 10.420.000 kr.

5 ára ábyrgð

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 / Audi.is



Félagarnir Brynjar Þór Björnsson og Darri Hilmarsson með Íslandsmeistarabikarinn, sem KR hefur unnið fimm ár í röð, á milli sín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ómæroð hetja KR-inga kvaddi með fimmta titlinum í röð

Karlalið KR í körfubolta varð Íslandsmeistari fimmta árið í röð með sigri á Tindastóli í fjórða leik liðanna í DHL-höllinni á laugardaginn. Þetta var síðasti leikur Darra Hilmarssonar fyrir KR en hann flytur til Svíþjóðar í sumar. Darri kom aftur í KR árið 2013 og hefur átt stóran þátt í frábærum árangri liðsins síðan þá.

**KÖRFUBOLTI** „Það er ekki hægt að biðja um betri endi. Það er frábært að klára þetta fimm ára skeið á þessu. Ég átti ekki alveg von á þessu þegar ég kom aftur í KR 2013,“ sagði Darri Hilmarsson eftir að hann hafði lyft Íslandsmeistarabikarinn ásamt Brynjar Þór Björnssyni eftir sigur á Tindastóli, 89-73, á laugardagskvöldið.

Með sigrinum tryggðu KR-ingar sér fimmta Íslandsmeistaratitilinn í röð. Það er eitthvað sem engu liði hafði áður tekist eftir að úrslitakeppnin var tekin upp 1984. KR hefur alls 17 sinnum orðið Íslandsmeistari, oftast allra liða.

## Sterkari liðsheild hjá KR

Tindastóll byrjaði báða hálfleikina betur á laugardaginn en KR var fljótt að stöðva áhlaup þeirra. Liðsheildin hjá KR var sterk og margir lögðu lóð sín á vogarskálarnar.

Á meðan var sóknarleikur Tindastóls borinn uppí af bakvörðunum Péttri Rúnari Birgissyni og Sigtryggi Arnari Björnssyni. Þeir reyndu hvað þeir gátu en vantaði meiri hjálpa.

Miklu munaði um að Antonio Hester fann sig ekki undir körfunni. Þar réði KR-ingurinn Kristófer Acox ríkjum en hann skoraði 23 stig og tók 15 fráköst. Í leikslok var Kristófer svo verðlaunaður fyrir að vera besti leikmaður úrslitaeinvígisins.

„Þetta var ekkert ósvipað og þriðji leikurinn. Við byrjuðum ekki vel en náðum að svara. Við náðum forskoti, þeir komu til baka en þá gáfum við aftur í. Við höldum þeim í skefjum,“ sagði Darri.

Darri sneri aftur í KR sumarið 2013 eftir þrjú tímabil á Suðurlandinu, eitt með Hamri og tvö með Þór í Þorlákshöfn. Þetta sama sumar gekk Pavel Ermolinskij aftur í raðir KR og Finnur Freyr Stefánsson tók við þjálfun liðsins.

## Ellefu stórir titlar á fimm árum

Árangurinn síðan þá er einstakur. Á síðustu fimm árum hefur KR fimm sinnum orðið Íslandsmeistari, tvisvar sinnum bikarmeistari og fjórum sinnum deildarmeistari. Liðið hefur unnið 15 einvígi í úrslitakeppninni í röð og aðeins þrjú þeirra hafa farið í oddaleik.

Stoke City, sem situr í fallsæti, gerði markalaust jafntefli við Liverpool á Anfield. Paul Lambert hefur aldrei tapað deildarleik á Anfield á stjóraferlinum. Þrátt fyrir gott stig á erfiðum útlitum er Stoke enn í erfiðri stöðu í næstneðsta sæti deildarinnar.



**Mestu vonbrigðin**  
Leicester City hefur gefið eftir að undanfögnu og steinla fyrir Crystal Palace um helgina, 5-0. Refirnir hafa tapað þremur af síðustu fjórum leikjum sínum og virðast vera komnir í sumarfrí í huganum. Starf Claudes Puel gæti verið í hættu ef úrslitin batna ekki.



## Leikmaður helgarinnar

Dusan Tadic var hetja Southampton þegar liðið vann afar mikilvægan sigur á Bournemouth í suðurstrandarslag á laugardaginn. Tadic skoraði bæði mörk Dýrlinganna sem unnu þarna sinn fyrsta leik undir stjórn Mark Hughes.

Southampton er í 18. sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 32 stig, einu stigi minna en Swansea City sem er í 17. sætinu. Þessi lið mætast um þarnaustu helgi. Southampton á einnig eftir að mæta Everton og Englandsmesturum Manchester City.

Tadic hefur skorað sex mörk á tímabilinu og er næstmarkahæstur í liði Southampton á eftir Charlie Austin. Serbinn er að klára sitt fjórða tímabil hjá Dýrlingunum. Hann kom til Southampton frá hollenska liðinu Twente sumarið 2014. Tadic hefur skorað 20 mörk fyrir Southampton í ensku úrvalsdeildinni og gefið 27 stoðsendingar. – íps



Febrúar og mars voru slæmir hjá Palace og falldraugurinn lét aftur á sér kræla. En uppskeran í síðustu fjórum leikjum er átta stig. Zaha skoraði fjögur mörk í þessum leikjum og gaf eina stoðsendingu.

Zaha hefur leikið 26 deildarleiki á tímabilinu. Í þeim hefur Palace fengið 38 stig. Hann hefur misst af níu leikjum í vetur. Þeir hafa allir tapast og markatalan er 3-24. Palace er eins nálægt því að vera eins manns lið og hægt er.

Framlag Zaha í sóknarleik Palace hefur verið sérstaklega mikilvægt því Christian Benteke hefur verið

afleitur og einungis skorað þrjú mörk í 29 deildarleikjum í vetur. Zaha hefur skorað átta mörk á tímabilinu og lagt þrjú upp. Hann er næstmarkahæsti leikmaður Palace á eftir serbneska miðjumanninum Luka Milivojevic sem hefur skorað 10 mörk, þar af sjö úr vítaspjrum. Hæfileikarnir hafa alltaf verið til staðar hjá Zaha og það er ástæða fyrir því að Sir Alex Ferguson keypti hann til Manchester United frá Palace í ársbyrjun 2013.

Dvölin á Old Trafford var hins vegar endaslepp. Zaha lék aðeins fjóra leiki fyrir United og var lán-




un á tímabilinu bendir allt til þess að Palace haldi sér uppi. NORDICPHOTOS/GETTY

ast búið að bjarga sér frá falli úr ensku úrvalsdeildinni.

» Crystal Palace hefur tapað öllum níu leikjunum sem Wilfried Zaha hefur misst af í ensku úrvalsdeildinni í vetur með markatölunni 3-24.

Ég var bara stráklingur sem vildi leika listir sínar.

Wilfried Zaha



aður til Cardiff á lokadegi félagskiptagluggans í janúar 2014. Þar gerði hann lítið. Zaha var lánaður til Palace fyrir tímabilið 2014-15 og félagið keypti hann svo frá United nokkrum mánuðum síðar.

Zaha sýndi ágætis takta á fyrstu tveimur tímabilunum sínum eftir að hann kom aftur til Palace en var ekki nógu skilvirkur. Það breyttist á síðasta tímabili. Zaha skoraði þá sjö mörk og gaf níu stoðsendingar. Í nýlegu viðtali segist hann hafa þroskast mikið síðan hann fór til United, aðeins tvítugur að aldri.

„Ég vissi ekki við hverju ég átti að búast eða hvernig ég ætti að haga mér þegar ég fór til svona stórs félags. Ég var bara stráklingur sem vildi leika listir sínar. Mér var alveg sama um skilvirkni,“ sagði Zaha.

„Núna tek ég hlutina miklu alvarlegar. Ég er allt annar maður. Ég er miklu þroskaðri og þrautseigari. Ég þurfti að vera sterkur andlega

eftir það sem ég gekk í gegnum hjá United. Þetta snýst að svo stórum hluta um hugarfar.“

Zaha hefur nær alltaf leikið á kantinum en þegar Hodgson tók við var hann færður í framlínuna. Hraði Zahas og leikni njóta sín ekki síður þar.

Zaha leikur að meðaltali 4,1 sinni á andstæðing í leik. Aðeins Eden Hazard er með betri tölfræði (4,8). Það kemur heldur ekki á óvart að það er brotið oftast á þeim af öllum leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar. Zaha hefur reyndar verið í efsta sætinu á þeim lista undanfarin þrjú ár. Hann fer stundum auðveldlega í grasið en hann er líka sparkaður miskunnarlaust niður.

Zaha og félagar eru nánast búnir að bjarga sér frá falli. Spurningin er bara hvort hann verði leikmaður Palace á næsta tímabili. Ef svo verður ekki er líklega réttast að biðja fyrir þeim. [ingvithor@frettabladid.is](mailto:ingvithor@frettabladid.is)



Guðbjörg Sverrisdóttir hefur spilað vel í úrslitaeinvígunu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Allt undir á Ásvöllum

**KÖRFUBOLTI** Það ræðst í kvöld hvort Haukar eða Valur verður Íslandsmeistari í körfubolta kvenna. Staðan í einvígi liðanna er jöfn, 2-2, en allir leikirnir hafa unnist á heimavelli. Haukar eru deildarmeistarar og því fer oddaleikurinn fram á heimavelli þeirra á Ásvöllum.

„Það er geggið að fá oddaleik. Þetta er það sem stelpurnar eiga skilið, að fá að njóta sín í sviðsljósinu. Það er frábært fyrir kvennakörfunu,“ segir Ágúst Björgvinsson, þjálfari karlalíðs Vals, sem hefur lýst leikjum í Domino's-deild kvenna á Stöð 2 Sport undanfarin ár og þjálfaði lengi í deildinni, þ. á m. bæði Hauka og Val.

Valskonur eru í fyrsta skipti í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn. Ágúst segir frammistöðu liðsins þó ekki hafa komið sér á óvart.

„Valsliðið er rosalega öflugt og vel mannað. Þær eru með mestu breiddina að mínu mati. Þær eru vel þjálfaðar og þekkja sín hlutverk vel,“ segir Ágúst sem hrósar Guðbjörgu Sverrisdóttur, fyrirliða Vals, fyrir hennar framgöngu.

„Hún hefur spilað mjög vel og kannski betur í þessu einvígi en áður. Hún hefur sýnt leiðtogaþæfileika og tekið af skarið,“ segir Ágúst. „Ég hef þekkt Guðbjörgu lengi og það lá alltaf fyrir að hún yrði góð í körfubolta. Að mínu mati er hún besti leikmaðurinn í deildinni, á eftir systur sinni [Helenu Sverrisdóttur], eins og hún er að spila í dag.“

Í úrslitaeinvígunu er Guðbjörg með 17 stig, sjö fráköst og þrjár stoðsendingar að meðaltali í leik. Helena er hins vegar með þrefalda tvennu að meðaltali í leik fyrir Hauka; 20 stig, 10,5 fráköst og 11 stoðsendingar.

Aalyah Whiteside, bandarískur leikmaður Vals, hefur verið nokkuð stöðug í úrslitaeinvígunu á meðan

Þótt ég telji Haukana aðeins sigurstranglegru myndi ég ekki þora að leggja mikið undir.

Ágúst Björgvinsson

landa hennar í liði Hauka, Whitney Frazier, hefur verið upp og ofan.

„Hún hefur verið góð í sigurleikjunum, sérstaklega í síðasta leiknum á Ásvöllum þar sem hún var frábær. En hún hefur alls ekki verið góð á Hlíðarenda. Hún virðist vera stressuð og illa stillt í þessum leikjum á Hlíðarenda,“ segir Ágúst.

Í leikjunum á Ásvöllum í úrslitaeinvígunu er Frazier með 27 stig að meðaltali en aðeins 15,5 stig í leikjunum á Hlíðarenda. Hún getur þó huggað sig við það að hún þarf ekki að spila þar aftur.

Ágúst hrósar varnarleik Vals sem var mjög sterkur í fjórða leiknum á fimmtudaginn.

„Haukar hittu mjög illa en þær tóku kannski skot sem Valur þvingaði þær í að taka. Valskonur stjórnuðu síðasta leik út frá vörninni. Þær lokuðu betur á Helenu án þess að gefa leikmönnum eins og Þóru Kristínu [Jónsdóttur], sem er besta skyttu Hauka fyrir utan Helenu, opin skot,“ segir Ágúst.

Aðspurður segir hann að Haukar séu aðeins líklegri í oddaleiknum í kvöld.

„Haukarnir hafa Helenu, þær eru deildarmeistarar og með heima-völlinn. Þær hafa svarað þegar Valur hefur unnið. En þetta er bara einn leikur og þetta er galopið. Þótt ég telji Haukana aðeins sigurstranglegru myndi ég ekki þora að leggja mikið undir,“ segir Ágúst að endingu. – **ÍÞS**

### Nýjast

#### Pepsi-deild karla

**Grindavík - FH** **0-1**  
0-1 Steven Lennon (35.).

**Breiðablik - ÍBV** **4-1**  
1-0 Sveinn Aron Guðjohnsen (43.), 1-1 Kaj Leo í Bartalsstovu (48.), 2-1 Sveinn Aron (62.), 3-1 GísliEyjólfsson (86.), 4-1 Willum Willumsson (90.).

**Fjölnir - KA** **2-2**  
1-0 Ægir Jarl Jónsson (2.), 1-1 Daniel Hafsteinsson (14.), 2-1 Birnir Snær Ingason (17.), 2-2 Ásgeir Sigurgeirsson (37.).

**Víkingur R. - Fylkir** **1-0**  
1-0 Nikolaj Hansen (23.).

Efri	Neðri		
Breiðablik	3	Keflavík	1
Valur	3	Stjarnan	1
FH	3	KR	0
Víkingur R.	3	Fylkir	0
Fjölnir	1	Grindavík	0
KA	1	ÍBV	0

#### Domino's-deild karla, úrslit

#### KR - Tindastóll

**89-73**  
KR: Kristófer Acox 23/15 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 16, Jón Arnór Stefánsson 14, Darri Hilmarrson 11/7 stoðsendingar, Pavel Ermolinskij 9/10 fráköst, Kendall Pollard 9, Björn Kristjánsson 5, Marcus Walker 2.

**Tindastóll:** Sigtryggur Arnar Björnsson 27, Antonio Hester 15/10 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 14/10 fráköst/9 stoðsendingar, Axel Kárason 6, Björgvin Hafþór Rikharðsson 6, Viðar Ágústsson 3, Friðrik Þór Stefánsson 2.

KR vann einvígið 3-1 og er Íslandsmeistari.

#### Olís-deild karla, undanúrslit

#### FH - Selfoss

**37-33**  
FH: Gísli Þorgeir Kristjánsson 13, Öðinn Þór Rikharðsson 6, Einar Rafn Eiðsson 5, Ásbjörn Friðriksson 5/1, Ágúst Birgisson 4, Arnar Freyr Ársælsson 2, Jóhann Karl Reynisson 2.

**Selfoss:** Einar Sverrisson 11/2, Teitur Örn Einarsson 8, Atli Ævar Ingólfsson 4, Elvar Örn Jónsson 3, Richard Sæþór Sigurðsson 2, Hergeir Grímsson 2, Guðjón Baldur Ómarsson 1, Haukur Þrastarson 1, Guðni Ingvarsson 1.

Staðan í einvíginu er 1-1.



Andri Heimir Friðriksson og félagar í ÍBV komust ekki í úrslit Áskorendabikarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Aftur strandaði íslenskt lið á Potaissa Turda

**HANDBOLTI** ÍBV tapaði með fjögurra marka mun, 28-24, fyrir Potaissa Turda í Rúmeníu í seinni leik liðanna í undanúrslitum Áskorendabikars Evrópu í gær. Eyjamenn unnu fyrri leikinn á heimavelli 31-28 en töpuðu einvíginu, 56-55.

Þetta er annað árið í röð sem Potaissa Turda kemur í veg fyrir að íslenskt lið komist í úrslit Áskorendabikarsins. Í fyrra slógu Rúmenarnir Valsmenn út á umdeildan hátt.

ÍBV var tveimur mörkum undir í hálfleik, 13-11, en byrjaði seinni hálfleikinn af krafti og komst í 17-19 þegar 19 mínútur voru eftir. Potaissa Turda svaraði með 7-1 kafla og náði forskoti sem liðið lét ekki afhendi. Sigurbergur Sveinsson var markahæstur í liði ÍBV með sex mörk. – **ÍÞS**

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**311** Ofsóknir Rómverja á hendur kristnum mönnum liða undir lok.

**1429** Jóhanna af Örku kemur til Orléans með varalið.

**1492** Kristófer Kólumbus sendur af stað af Spánverjum til að kanna heiminn.

**1789** George Washington sver embættiseið sem fyrsti forseti Bandaríkjanna.

**1803** Bandaríkin kaupa Louisiana af Frökkum. Svæðið náði ekki aðeins til þess Louisiana sem við þekkjum í dag heldur einnig Arkansas, Oklahoma, Kansas, Missouri, Iowa, Nebraska, Suður-Dakóta og Montana auk hluta Wyoming, Norður-Dakóta, Minnesota, Colorado, Texas, Nýja-Mexíkó og hluta af héruðunum Alberta og Saskatchewan í Kanada.

**1838** Níkaragva lýsir yfir sjálfstæði frá Ríkjasambandi Mið-Ameríku.

**1900** Hawaii verður bandarískt yfirráðsvæði.

**1905** Albert Einstein lýkur doktorsgráðu sinni í eðlifræði frá Háskólanum í Zürich.

**1930** Helga Tómassyni vikið úr starfi yfirlæknis á Kleppi í kjölfar ritdeilu við Jónas frá Hríflu.

**1939** Franklin D. Roosevelt flytur ávarp í sjónvarpi fyrstur bandarískra forseta.

**1945** Adolf Hitler og Eva Braun svipta sig lífi í neðanjarðarbyrgi í Berlín. Þau höfðu gengið í hjónaband um fjöruúti klukkustundum áður.

**1961** K-19, fyrsti kjarnorkukafbátur Sovétmanna, sjósettur.

**1973** Richard Nixon, forseti Bandaríkjanna, tilkynnir um afsögn Johns Dean, H.R. Haldeman og Johns Ehrlichman í kjölfar Watergate-hneykslisins.

**1975** Vietnamstríðinu lauk með falli Saigon í hendur Norður-Vietnama.

**1980** Beatrix verður drottning Hollands.

**1980** Sex vopnaðir menn ráðast inn í íranska sendiráðið í London og halda fólki í gislingu. Fimm manna féllu auk tveggja gísla.

**1991** Ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks tekur við völdum með Davíð Oddsson í forseti.

**1993** Alþingi samþykkir stjórnsýslulögin.

**1994** Ökupórin Roland Ratzenberger lætur lífið í tímatöku fyrir kappaksturinn á Imola í San Marino. Degi síðar fórst Ayrton Senna í slysi á sömu braut.

**2004** Myndir af pyntingum bandarískra hermanna á fongum í Abu Ghraib fangelsinu birtar.

**2008** Líkamsleifar Alexei og Anastasíu, einna síðustu eftirlifanda Romanov-keisaraættarinnar, finnast nærri Yekaterinburg í Rússlandi.



Einar Skúlason segir að eftir nokkurra ára rekstur hafi nú átján þúsund manns hlaðið niður gönguappinu Wappi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sífelld fleiri eru á vappi á gönguleiðum með Wappi

Notendum íslenska gönguappsins Wapp fjölga og viðtökurnar verða sífelld betri að sögn aðstandanda Wappsins, Einars Skúlasonar. Gönguleiðum í appinu hefur fjölgað rúmlega tvítugfalt frá því það fór í loftið og eru nú yfir 220. Wappið er bæði á íslensku og ensku.

**W**app er gönguapp sem hjálpar manni að rata um leiðir og gefur manni upplýsingar um þær. Appið er bæði á íslensku og ensku og virkar þannig að maður hleður leiðinni inn í símann. Þá fylgja kort, texti og myndir. En þú getur ekki notað það í beinni gagnatengingu, þú verður að nota það offline," segir Einar Skúlason, aðstandandi Wappsins, en notendum þess og leiðum hefur fjölgað hressilega frá stofnun.

Appið er orðið nokkurra ára gamalt og segir Einar að samtals hafi 18.000 hlaðið því niður. Þegar það fór fyrst í loftið voru tíu leiðir í boði. Nú eru leiðirnar orðnar rúmlega 220 talsins og eru fleiri á leiðinni að sögn Einars.

Einar segist nefnilega alltaf vera að bæta við. „Ég er núna að vinna í að setja inn Hlíðarveg á Selvogsgötu. Selvogsgata

Þegar ég opnaði voru bara tíu leiðir inni. Það var svolítið eins og að opna verslun og allar hillurnar væru tilbúnar en það væru bara örfáar vörur í þeim. Nú er þetta orðið miklu betra.

Einar Skúlason, aðstandandi Wappsins

er gömul leið milli Selvogs og Hafnarfjarðar. Ég er nú þegar búinn að setja hana við. Hlíðarvegurinn er hins vegar svona hliðargata sem liggur niður að Hlíðarvatni í Selvogi," segir Einar.

Viðtökurnar hafa að sögn Einars verið góðar og þær séu alltaf að verða betri.

„Þegar ég opnaði voru bara tíu leiðir inni. Það var svolítið eins og að opna verslun og allar hillurnar væru tilbúnar

en það væru bara örfáar vörur í þeim. Nú er þetta orðið miklu betra.“

Hugmyndin að Wappinu kviknaði árið 2014. Áður hafði Einar skrifað tvær göngubækur en í ljósi þess að veður byði ekki alltaf upp á að fólk tæki með sér bækur, og í ljósi vaxandi snjallsímanotkunar, sá hann fram á að stafrænt efni væri framtíðin.

„Þá ákvað ég að finna leið til að hætta að skrifa fyrir prent og skrifa frekar stafrænt. Ég ætlaði fyrst að reyna að finna eitthvert app til að skrifa inn í en fann ekkert sem hentaði. Það var ekki hugmyndin í upphafi að láta forrita app. Svo var það bara eina leiðin.“

Og Einar segir að appið auki öryggi. Í samstarfi við Neyðarlínuna sé notendum boðið að senda Neyðarlínunni skilaboð, gjaldfrjálst, með staðsetningu á meðan á göngu stendur. Þau skilaboð sé svo hægt að skoða ef göngumaðurinn týnist. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

ÞETTA GERÐIST 30. APRÍL 1945

## Sovétmenn flögguðu á þýska þinghúsinu

Í dag eru 73 ár liðin frá því að sovéskir hermenn flögguðu fána ríkis síns á þaki þýska þinghússins í Berlín. Um það leyti var orðið ljóst að Þjóðverjar hefðu tapað stríðinu.

Það ríkti talsverð spennu um það hvort Bandaríkjamenn og Bretar, sem sóttu að úr vestri, eða Sovétmenn úr austri yrðu á undan til Berlínar. Á endanum voru það þeir síðarnefndu sem höfðu betur. Klukkan 14.25 náðu hermenn þeirra á þak þinghússins og náðu að flagga fánanum. Leiðtogi ríkisins, Jósef Stalín, hafði lagt nokkurt kapp á að þeim áfanga yrði náð fyrir verkalyðsdaginn 1. maí.

Deigi eftir að atburðurinn átti sér stað náðu Þjóðverjar að fjarlægja fánann

en þann 2. maí var þinghúsið algerlega á valdi Sovétmanna. Var fánanum því flaggað á ný en að þessu sinni voru ljósmyndarar með í för.

Það var Jevgení Khaldei sem tók þessa mynd af því tilefni. Það voru þeir Alexei Berest, Mikhail Yegorov og Meliton Kantaría sem sáu um að veifa fánanum.

Myndin birtist þann 13. maí í tímaritinu Ogonyok en þá hafði nokkuð verið átt við hana. Meðal annars var úr fjarlægð af hendi liðsforingjans Abdulkhákims Ísmailov en á upprunalegu myndinni var hann með tvö slík. Þótti það benda til þess að hann hefði stolið öðru þeirra hið minnsta. Þá var reykt bætt við í bakgrunninn.



Frænka okkar,  
**dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir**  
Aflagrandi 40,

sem lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 18. apríl, verður jarðsungen miðvikudaginn 2. maí, frá Neskirkju. Athöfnin hefst klukkan 15.

Systkinabörn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, tengdamma og langamma,  
**Þóra Sæmundsdóttir**

lést þriðjudaginn 24. apríl á Landspítalanum, Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir.

Sæmundur Hafsteinn Þórðars.  
Kristján Sigurður Þórðarson  
Gunnar Þórðarson  
Árni Þór Þórðarson

Boonlun Aphaiklang  
Edna Yongco Þórðarson  
Sigrún Steingrimsdóttir  
Carolyn Bonny Ósk  
Tómasdóttir


barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [tímamot@frettabladid.is](mailto:tímamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5407.



# Innréttingar í öllum stærðum og gerðum



Við aðstoðum þig við að hanna Schmidt eldhúsinnréttingu sem hentar þér og þínum þörfum. Óteljandi möguleikar eru í boði í hæsta gæðaflokki sem völ er á. Komdu og sjáðu úrvalið!

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!


**SCHMIDT**  
Innréttingar

**Parki**  
INTERIORS

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Hæg vestlæg átt á morgun en strekk-ingur á austanverðu landinu fram eftir degi. Rigning með köflum en þurrt á Norðaustur- og Austurlandi. Úrkomulítið um vestanvert landið um kvöldið. Heldur kólnandi veður.



## Þriðjudagur

<b>Reykjavík</b> 4° ↗ 5	<b>Ísafjörður</b> -0° ↗ 8	<b>Akureyri</b> 2° ↗ 7
<b>Egilsstaðir</b> 3° → 3	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 4° ↗ 3	<b>Hveravellir</b> -4° ↑ 8

## Miðvikudagur

<b>Reykjavík</b> 3° ↘ 3	<b>Ísafjörður</b> 0° → 7	<b>Akureyri</b> 2° ↘ 3
<b>Egilsstaðir</b> 3° ↓ 7	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 6° ↘ 5	<b>Hveravellir</b> -3° ↘ 5

## LÉTT

3	1		5			
	9			4	8	6
	4	7		8	3	9
7				9	6	3
	3		1		2	
8	5			4	7	2
		4				8 7
				7	1	5
1						

## MIDLUNGS

	6			9	5	
7			4			3
	9			1	4	7
		9			7	
3			7	5		2 1
				2		
	1	4	8			5 9
		5	2	4		6
8				6		3 4

## PUNG

	2		3			9
				6		7
			9	2	4	6
					5	3
9			4	1	8	
7				9		8 2
	4					7 1
	7					8
3	1					

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- bugðalaus
- aðstoð
- hæð
- arfleiða
- tveir eins
- hjör
- sæti
- sæla
- fiskinet
- skrapa

### LÓÐRÉTT

- kaldi
- jafnt
- röst
- aurasál
- ísótópur
- þenja
- óregla
- oddi
- hvort

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. beinn, 5. líf, 6. ás, 8. áanána, 10. ss, 11. löð, 12. sess, 13. unun, 15. reknet, 17. skera. LÓÐRÉTT: 1. blástur, 2. einis, 3. íða, 4. náðs, 7. sam-  
saeta, 9. flenna, 12. sukk, 14. nes, 16. ef.

## Skák Gunnar Björnsson

Nansý Davíðsdóttir (1.936) átti leik gegn Ingrid Saslien (1.795) á NM stúlkna um helgina.


**Hvítur á leik**  
33. Hxe6+!! Kxe6 34. Dd5# 1-0.  
Nansý varð um helgina Norðurlandameistari stúlkna í flokki 16 ára og yngri. Batel Goitom Haile fékk silfur í flokki 13 ára og yngri. Veronika Steinunn Magnúsdóttir fékk brons í flokki 20 ára og yngri.  
[www.skak.is](http://www.skak.is): Öll úrslit helgarinnar!



3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9
3	6	8	4	7	9	5	1	2
9	7	1	5	3	2	6	4	8
2	4	5	6	8	1	7	9	3
1	9	2	7	6	3	4	8	5
4	3	6	8	1	5	9	2	7
8	5	7	2	9	4	1	3	6
5	2	3	9	4	7	8	6	1
6	1	4	3	5	8	2	7	9
7	8	9	1	2	6	3	5	4
4	9	6	1	2	7	5	3	8
1	3	5	6	4	8	9	2	7
7	8	2	3	9	5	1	4	6
5	4	8	7	1	9	2	6	3
9	6	7	2	8	3	4	5	1
3	2	1	4	5	6	7	8	9
2	7	3	5	6	1	8	9	4
6	5	9	8	7	4	3	1	2
8	1	4	9	3	2	6	7	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**FÁNAR**  
**LÍMMIÐAR**  
**AUGLÝSINGASKILTI**

Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.

Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.

**FjölPrent**  
Gefur hugmyndum vængi

Fjölprent  
Norðlingabraut 14  
fjolprent.is  
S. 581 4141

**ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?**



Finndu þitt starf á [atvinna.frettabladid.is](http://atvinna.frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐIÐ IS Job.is



Sif Gunnarsdóttir fjallar um dvöl sína í Færeyjum. Hún er nýflutt heim þaðan en skildi þó hjartað eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

eða dautt fólk flækist um í litríkum heimi. Tilgangsleysið er algjört og hvorki ástin né ríkidæmi geta bjargað því.

**Hvað?** Haltu kjafti og vertu sæt – hannyrðapönkssýning

**Hvenær?** 18.00

**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu  
Hannyrðapönk, e. craftivism, er ein tegund af andófi. Það er sett saman úr orðunum craft og activism = craftivism. Betsy Greer hefur verið nefnd guðmóðir hannyrðapönksins en, eins og hún segir sjálf, hefur handverk verið notað sem andóf í gegnum aldirnar. Sigrún Bragadóttir sýnir verk.

## ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

**696 5600**

rafsol@rafsol.is



**RAFSÓL**

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

## Hvað? Hvenær? Hvar?

### Mánudagur

Hvar@frettabladid.is

30. APRÍL 2018

#### Tónlist

**Hvað?** Helgi Björns – International Jazz Day

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Bryggjan Brugghús, Grandagarði

Í dag, á alþjóðlega djassdaginn, mun Helgi Björnsson koma fram ásamt einvala líði og syngja nokkra af sínum uppáhaldsstanddörðum. Þetta er partur af dag-skrá djassdagsins, en tónleikar fara fram um allan bæ. Óhætt er að lofa funandi sveiflu og ekki má gleyma því að það er frídagur daginn eftir.

**Hvað?** Burtfarartónleikar Ingibjargar Erlu Þórhallsdóttur söngkonu, MÍT

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Tónlistarskóli FÍH, Rauðagerði  
Burtfararprófstónleikar Ingibjargar Erlu Þórhallsdóttur söngkonu frá MÍT, Menntaskóla í tónlist, verða haldnir í sal Tónlistarskóla FÍH, Rauðagerði 27, mánudaginn 30. apríl kl. 20. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Alþjóðlegi djassdagurinn á Múlanum – ASA Tríó & Jól Pálsson

**Hvenær?** 21.00

**Hvar?** Harpa

Á tónleikum Múlans á Alþjóðlega djassdeginum kemur fram ASA Tríó ásamt Jól Pálssyni saxófónleikara. ASA Tríó hefur verið ein af uppistöðuhljómsveitum Íslandsdjassins undanfarinn áratug og hefur gefið út tvo hljómdiska auk tveggja tónleika sem þeir félagar hafa gefið út sem netútgáfur. Tríóið hefur getið sér gott orð fyrir fjölbreytta og stundum óvænta efnisskrá. Nú mæta þeir með góðan gest; Jól Pálsson, einn af fremstu saxófónleikurum þjóðarinnar og saman munu þeir fagna deginum með skemmtilega blöndu eigin laga og annarra.



Helgi Björns tekur djassstandarda á Bryggjunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

#### Viðburðir

**Hvað?** Málstofa um erfiðleika og endurskipulagningu banka í Evrópu

**Hvenær?** 15.00

**Hvar?** Seðlabankinn  
Málstofa um erfiðleika banka í Evrópu og endurskipulagningu þeirra verður haldin mánudaginn 30. apríl, klukkan 15.00. Frummælandi verður Małgorzata Iwanicz-Drozdzowska prófessor sem kennir við Warsaw School of Economics. Málstofan verður haldin í húsnæði Seðlabankans, í fundarherberginu Sölvhóli á fyrstu hæð. Gengið er inn frá Arnarhóli.

**Hvað?** Hjartað slær enn í Færeyjum

**Hvenær?** 17.15

**Hvar?** Borgarbókasafnið, Spönginni  
Sif Gunnarsdóttir er nýflutt heim eftir fimm ára dvöl í Færeyjum og ætlað að reyna að útskýra hvers vegna hluti af hjarta hennar varð eftir í Færeyjum og af hverju henni finnst að allir verði betri menn af því að skreppa þangað í heimsókn.

**Hvað?** Japanskt viskismakk

**Hvenær?** 19.00

**Hvar?** Dillon, Laugavegi  
Nokkur japönsk viski verða smökkuð á Dillon í dag.

#### Sýningar

**Hvað?** Eitt leiðir af öðru og öðru og öðru

**Hvenær?** 12.00

**Hvar?** Listasalur Mosfellsbæjar  
Ásgeir er ungur listamaður sem notar iðnaðarefni í myndlist sinni og eru verkin á þessari sýningu úr PVC-rafmagnseinangrunarteipi

eingöngu. Titill sýningarinnar vísar í vinnuferli Ásgeirs en hann gerir tilraunir með efnivið þar sem eitt leiðir af öðru þar til smám saman verður til safn verka sem tala saman. Þráhyggjukennar endurteknningar einkenna sömu-leiðis verk Ásgeirs og það gefur þeim einstakt yfirbragð aga og reglufestu sem er í beinni mótsögn við „flippaða“ efnisnotkunina.

**Hvað?** Þriðja kryddið: myndlistarsýning Prins Pólo

**Hvenær?** 15.00

**Hvar?** Gallerí Port, Laugavegi  
Tónlistarbóndinn Prins Pólo efnir til listsýningar í Gallerí Port í til-efni af útgáfu plötu sinnar Þriðja kryddið. Prinsinn sýnir meðal annars veggspjöld unnin út frá hugmyndum sem lögín færðu honum á silfurfatí – eftiráséð kannski – auk þess verða ljósmyndir af nokkrum helstu póstumum í upp-vexti prinsins. Sem sagt – bland í poka. Grimm sjoppa.

**Hvað?** Mokkaland

**Hvenær?** 09.00

**Hvar?** Mokka-kaffi, Skólavörðustig  
Andvaka, þunglynt, öfundsjúkt

## TUDOR rafgeymar

AGM þurrir rafgeymar fyrir Start-Stop bíla



Veldu öruggt start með TUDOR

Viðurkenndir af öllum bilaframleiðendum

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta



TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

## NUMARK MIXTRACK PRO 3




Verð. 35.990



HLJÓDFÆRAHÚSIÐ  
STOFNAD 1916 | Síðumúla 20 | 108 Reykjavík | www.hljodferahusid.is  
Sími 4155268



TÓNABÚÐIN  
STOFNAD 1916 | Glerárgötu 7 | 108 Akureyri  
Sími 462 1415 | www.tonabudin.is



## BIO ★ PARADIS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Doktor Præktor & Prumpuduftið	18:00
Doktor Præktor & Timabaðkarið	18:00
Adam	18:00
The Workshop	20:00, 22:00
You Were Never Really Here	20:00, 22:15
A Gentle Creature	20:00
Hleypstu. Sól í hjartað	23:00



## DAGSKRÁ

## Mánudagur



### FYRIR ÍSLAND

KL. 20:05

Gummi Ben heimsækir strákana okkar og hitar upp íslensku þjóðina fyrir Heimsmeistaramótið í Rússlandi í sumar. Í þessum þætti heimsækir Gummi þá Emil Hallfreðsson, Hörð Björgvin Magnússon, Birki Bjarnason og Rúrik Gíslason og spyr þá spjörnum úr um landsliðið, framtíðina og HM.

## Magnað Mánudagskvöld

Fáðu þér áskrift á [365.is](http://365.is)

### WESTWORLD

KL. 22:20

Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðins-skemmtigarði. Í síðustu þáttaröð kom í ljós galli í vélmenninum sem hafði ógnvænlegar afleiðingar í för með sér. Þátturinn er heimsfrumsýndur á sunnudögum klukkan 1 eftir miðnætti.

### BROTHER VS. BROTHER

KL. 19:25

Bræðurnir Jonathan og Drew taka hús algerlega í gegn frá grunni, hvor með sínu liði. Í lokin setja þeir húsín á sölu og sá sem græðir meira á sölnunni stendur uppi sem sigurvegari.



### SUITS

KL. 20:45

Skemmtilegir og stórgóðir þættir um klækjarefina á lögmannsstofunni sem fara ekki alltaf eftir bókinni.



Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons  
07.20 Strákarnir  
07.45 The Middle  
08.05 2 Broke Girls  
08.30 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 Hell's Kitchen  
10.20 Masterchef USA  
11.00 Empire  
11.45 Kevin Can Wait  
12.10 Gatan mín  
12.35 Nágrannar  
13.00 The X Factor UK  
14.55 The X Factor UK  
15.45 Fright Club  
16.35 The Simpsons  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 Brother vs. Brother  
20.05 Fyrir Ísland Heimildarþættir í umsjón Guðmundar Benediktssonar. Gummi Ben hittir leikmenn íslenska landsliðsins í knattspyrnu og kynnist strákunum okkar ásamt því að sjá hvernig þeir búa í heimi atvinnumannsins, æfa og spila. Hvers vegna er Ísland, minnsta þáttökupjóð í sögu keppinnar, komið í úrslitakeppni HM í knattspyrnu? Strákarnir svara þessu og segja frá því sem þeir hafa þurft að leggja á sig frá unga aldri til að vera komnir á þann stað sem þeir eru á núna. Þættirnir eru fjölbreyttir og veita áhorfendum persónulega innsýn í daglegt líf landsliðshetjanna okkar.  
20.45 Suits  
21.30 S.W.A.T.  
22.15 Westworld  
23.15 The Path  
00.55 60 Minutes  
01.40 Timeless  
02.25 Unsolved: The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.  
03.10 Strike Back  
04.00 Ellen  
04.45 The Blacklist: Redemption

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 West Ham - Manchester City  
08.40 Manchester United - Arsenal  
10.20 Messan  
11.50 Meistarakeppni KSÍ 2018  
13.30 West Ham - Manchester City  
15.10 Manchester United - Arsenal  
16.50 Messan  
18.20 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur 2017/2018  
18.45 Haukar - Valur  
21.00 Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018  
21.45 Football League Show 2017/18  
22.15 Spænsku mörkin 2017/2018  
22.45 Pepsi-mörkin 2018  
23.45 Tottenham - Watford

## STÖÐ 2 SPORT 2

09.30 Deportivo La Coruna - Barcelona  
11.10 Pepsimörkin 2018  
12.10 Formúla 1 2018 - Keppni  
14.30 Werder Bremen - Dortmund  
16.10 Pepsi deild karla 2018  
17.50 Pepsimörkin 2018  
18.50 Tottenham - Watford  
21.00 NBA 2017/2018 - Playoff Games  
22.55 Mjólkrubikar karla 2018

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957


## STÖÐ 3

19.10 The Goldbergs  
19.35 Anger Management  
20.00 Seinfeld  
20.25 Friends  
20.50 Silicon Valley  
21.20 Famous in Love  
22.00 Empire  
22.45 The Last Man on Earth  
23.10 The Americans  
23.55 Supernatural  
01.05 Anger Management  
01.30 Seinfeld  
01.55 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir  
07.25 Hvellur keppnisbill  
07.37 Ævintýraferðin  
07.49 Gulla og grænjaxlarnir  
08.00 Stóri og Litli  
08.13 Tindur  
08.27 Zigby  
08.38 Mæja býfluga  
08.50 Kormákur  
09.00 Könnuðurinn Dóra  
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
09.47 Doddi litli og Eyrnastór  
10.00 Áfram Diego, áfram!  
10.24 Svampur Sveinsson  
10.49 Lalli  
10.55 Rasmus Klumpur og félagar  
11.00 Strumparnir  
11.25 Hvellur keppnisbill  
11.37 Ævintýraferðin  
11.49 Gulla og grænjaxlarnir  
12.00 Stóri og Litli  
12.13 Tindur  
12.27 Zigby  
12.38 Mæja býfluga  
12.50 Kormákur  
13.00 Könnuðurinn Dóra  
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
13.47 Doddi litli og Eyrnastór  
14.00 Áfram Diego, áfram!  
14.24 Svampur Sveinsson  
14.49 Lalli  
14.55 Rasmus Klumpur og félagar  
15.00 Strumparnir  
15.25 Hvellur keppnisbill  
15.37 Ævintýraferðin  
15.49 Gulla og grænjaxlarnir  
16.00 Stóri og Litli  
16.13 Tindur  
16.27 Zigby  
16.38 Mæja býfluga  
16.50 Kormákur  
17.00 Könnuðurinn Dóra  
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
17.47 Doddi litli og Eyrnastór  
18.00 Áfram Diego, áfram!  
18.24 Svampur Sveinsson  
18.49 Lalli  
18.55 Rasmus Klumpur og félagar  
19.00 Lego Batman myndin

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24



## GOLFSTÖÐIN

09.00 Zürich Classic of New Orleans  
14.00 Golfing World 2018  
14.50 Mediheal Championship  
17.50 Champions Tour Highlights 2018  
18.45 PGA Highlights 2018  
19.40 Zürich Classic of New Orleans

## STÖÐ 2 BÍÓ

10.40 The Yellow Handkerchief  
12.15 Notting Hill  
14.15 Bridget Jones's Baby  
16.15 The Yellow Handkerchief  
17.50 Notting Hill  
19.55 Bridget Jones's Baby  
Skemmtileg mynd frá 2016 með Renée Zellweger í aðalhlutverki. Sagan um hina seinheppnu Bridget Jones heldur hér áfram, en hún er nú komin á fimmtugsaldurinn og er á milli manna ef svo má segja því sambandið við Mark Darcy hefur verið losaralegt um leið og hún hefur kynnst nýjum manni, hinum heillandi draumaprinsi Jack Qwant. Þegar hún verður ófrísk af sínu fyrsta barni kemur í ljós að hún veit ekki hver er faðirinn.  
22.00 Legend  
00.10 Horns Hrollvekjandi fantasía frá 2013 með Daniel Radcliffe í hlutverki Ig Perrish sem fær stöðu grunaðs manns eftir að unnusta hans er myrt. Dag einn vaknar hann með horn á höfðinu en fljótlega áttar hann sig á hæfileika sem með þeim fylgdi sem mun mögulega getað hjálpað honum að finna hinn raunverulega morðingja unnustu hans.  
02.10 London Road  
03.40 Legend

## RÚV

16.35 Borgarsýn Frimanns  
16.50 Silfríð  
17.50 Táknálsfréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Elías  
18.12 Letibjörn og læmingjarnir  
18.19 Alvin og íkornarnir  
18.30 Millý spyr  
18.37 Uss-Uss!  
18.48 Gula treyjan  
18.50 Krakkafréttir  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
19.50 Menningin  
20.00 Hafíð, bláa hafíð  
20.50 Hafíð, bláa hafíð: Á töku-stað  
21.10 Sýknaður  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Saga HM: Bandaríkin 1994  
00.00 Kastljós  
00.15 Menningin  
00.20 Dagskrárlök

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens  
08.25 Dr. Phil  
09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
09.45 The Late Late Show with James Corden  
10.25 Síminn + Spotify  
13.10 Dr. Phil  
13.50 Superior Donuts  
14.15 Madam Secretary  
15.00 Speechless  
15.25 Will & Grace  
15.45 Strúktúr  
16.15 Everybody Loves Raymond  
16.40 King of Queens  
17.05 How I Met Your Mother  
17.30 Dr. Phil  
18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon  
19.00 The Late Late Show with James Corden  
19.45 The Good Place  
20.10 Jane the Virgin  
21.00 Hawaii Five-0  
21.50 Blue Bloods  
22.35 Snowfall  
23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-iðFM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

**THULE**<sup>®</sup>  
SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

DORMA KYNNIR

SIMBA®



**SIMBA**  
dýnurnar henta  
einstaklega vel í  
stillanleg  
rúm

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

## Við höfum búið til eina þrouðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn**

**– sama hvert svefnmynstur þitt er.**

### Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum

80 x 200 cm	64.900 kr.
90 x 200 cm	74.990 kr.
100 x 200 cm	79.900 kr.
120 x 200 cm	89.990 kr.
140 x 200 cm	99.990 kr.
160 x 200 cm	114.990 kr.
180 x 200 cm	129.990 kr.



Afgreiðslutími Rvk  
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-17  
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)  
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**  
Láttu drauminn ræstast



Þór Guðnason segir að Wim Hof aðferðin hafi breytt lífi sínu og kennir nú mörlandanum á ísböð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Köld böð í Hollywood og Faxafeni

Hollywood-stjörnurnar Jim Carrey og Jason Statham eru meðal fjölmargra sem hafa tileinkað sér aðferðir Wims Hof. Þór Guðnason er fyrsti Íslendingurinn til þess að öðlast Wim Hof kennararéttindi.

Fólk hefur ekkert verið úti í kulda án dúnúlpunnar en kuldaþol er eins og vöðvi. Maður getur þjálfað þetta upp," segir fyrsti Wim Hof kennari landsins, Þór Guðnason, en hann er nú þegar með 90 manns á Wim Hof námskeiði og seldist upp á fjögur slík nánast áður en þau voru auglýst. „Við ætlum að hafa tvö námskeið en það seldist upp á tveimur sólarhringum og þá bættum við einu við og það seldist upp á nokkrum klukkutímum en við enduðum á fjórum," segir Þór.

Hann segir að í grunninn sé þetta sárafalt en gríðarlega öflugt. „Þetta hefur gjörbreytt lífi mínu. Ég tók ADHD-lyf en frá fyrstu viku fann ég að athyglin skerptist og ég hætti að taka lyfin fyrir tveimur og hálfu ári. Ég var með áreynsluastma og samkvæmt læknisráði á ég að taka sterabúst kvölds


### Hof og heimsmetin

- Samkvæmt Heimsmetabók Guinness er nafn Wim Hof þar 26 sinnum.
- Árið 2007 kleif hann 6.700 m upp í hlíðar Mount Everest á stuttboxum og gönguskóm.
- Árið 2008 var hann í ísbaði í 1 klst., 13 mín. og 48 sek.
- Árið 2009 fór hann á topp Kilimanjaro í stuttboxum.
- Hann hljóp maraþon í Finnlandi klæddur í stuttboxum.
- Hann var 5 klst. og 25 mín. að hlaupa kílómetrana 42 í -5 stiga frosti.
- Hann bætti ísbaðs-metið sitt árið 2011 þegar hann var 1 klst. 52 mín og 42 sek.
- Sama ár hljóp hann maraþon í Namibíeyðimörkinni án þess að fá sér vatnssopa.

og morgna og bólgueyðandi eftir þörfum en það er eitt og hálf ár síðan ég notaði síðast astmalyf. Það er mikill ávinningur í þessu en grunnurinn er öndun og köld böð."

Þór segir að aðferðin sé mjög öflug og heilsuefandi enda ekki á hverjum degi sem sjálfst hreystimennið Jason Statham lýsir aðdáun sinni á öðrum hreystimönnum. Það gerði hann á Facebook um miðjan mánuðinn.

Þór var leiðsögumaður Hof þegar hann kom hingað til lands. „Þetta er einfaldasta en samt öflugasta leiðin sem ég þekki til að ná orkunni í lag og bæta sjálfan sig. Hann er búinn að koma hingað tvisvar eða þrisvar. Synti meðal annars í Jökulsárlóni. Ég fór með hann um Ísland ásamt fjölskyldu hans og var sá túr myndaður í bak og fyrir. Hann er mjög hrifinn af Íslandi og vill hafa kennarahitting hér á landi." **benedikt-boas@365.is**



Jason Statham.

Jim Carrey.

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgrims Hallgrímsson [elmar@frettabladid.is](mailto:elmar@frettabladid.is) **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Guðaf Bjarnason [guðaf@frettabladid.is](mailto:guðaf@frettabladid.is), Hjördis Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@frettabladid.is](mailto:sigfus@frettabladid.is), Valdimar Birgisson [valdimar@frettabladid.is](mailto:valdimar@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is), FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Jón Ivar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ólafur H. Hákonarson [olafurh@frettabladid.is](mailto:olafurh@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is) og Ragnheiður Tryggvadóttir [heida@frettabladid.is](mailto:heida@frettabladid.is) **RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Viðar Ingi Pétursson [vip@frettabladid.is](mailto:vip@frettabladid.is) **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is), Guðrún Inga Grétarsdóttir [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)



# Gæði og glæsileiki

endalaust úrval af hágæða flísum



Finndu okkur  
á facebook

**Flísabúðin**

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is



## BAKÞANKAR

Guðmundar Brynjólfssonar



## 1. maí

Á morgun er 1. maí. Þá fara margir í göngur – og nánast í réttir líka. 1. maí göngur hafa löngum verið sundrungin ein, fjöldi fólks hefur talið að það ætti ekki erindi í göngu með næsta manni, næsti maður hefur hugsað eitthvað svipað og hópur fólks verið á sama máli – og haldið sig sér. Þetta hafa verið dreifðar hjarðir á stangli – sem hafa sjálfar séð um að draga sig í dilka.

Nú má búast við enn einni göngunni. Viðfrægur peningaburðarmaður auðvaldsins hefur nefnilega keypt sér köflotta skyrtu, því þannig heldur hann að verkamenn séu klæddir, og hyggst hann ganga í átt að hinu sósíalíska framtíðarlandi hvar fyrirtækin sjálf þurfa ekki að greiða laun heldur geta allir fengið eins og þeir vilja úr Ábyrgðarsjóði launa. Rétt á milli þess að fyrirtækin stofna sig upp á nýtt með nýjar kennitölur og nýjar ambisjónir; dýrðin ein.


Síðustu ár hefur íslenskur verkalyður ekki borið gæfu til þess að ráðast gegn óvinum sínum: Kennitöluflokkurum, glæpamönnum sem falsa reikninga til þess að leika á virðisaukaskattinn, skitmönnum sem hlaupa frá fyrirtækjum sem þeir viljandi keyra í þrot, gangsterum sem borga helst enga skatta. Nei, talsmenn verkalyðsins hafa verið uppteknir af því að djöflast í bændum og tilbiðja Evrópusambandið – en það eru reyndar mikið til sömu trúarbrögðin.

Á morgun er 1. maí. Þá fara margir í göngur og sumir gera sér jafnvel grein fyrir því hvað er þeim fyrir bestu. Þau vísindi uppgötva menn yfirleitt á eigin skinni, aldrei undir handarkrikum manna sem halda að þeir verði byltingarmenn á milli einkabotunnar og skyrtustæðunnar í Rúmfatalagernum, aldrei undir væng þeirra sem halda að Brussel sé igildi himnaríkis – og mannkerti igildi Krists.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland



á starfsmann á viku

Ávextir í áskrift kosta um 550 kr. á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins er engin.



AVAXTA-ABILLINN  
Avaxtaðu betur  
www.avaxtabillinn.is  
avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



## SUMARTILBOÐ KING KOIL ALPINE FIRM

Hágæða amerískt heilsurúm með millistífu fimmsvæðaskiptu pokagormakerfi, stífum toppi og steiptum köntum, ásamt botni og fótum.

Stærðir King (193x203 cm) eða Cal King (183x213 cm)

FULLT VERÐ 355.765 kr.

SUMARTILBOÐ

18.816 kr.  
á mánuði\*  
og fyrstu afborgun í ágúst.

Staðgreitt 213.459 kr.

## STILLANLEGIR DAGAR Í REKKJUNNI

Stillanlegt Ergomotion 40-rúm stærð 90x200 cm., (hvort rúm) með pokagormadýnum á 22.784 kr. á mánuði\* og fyrstu afborgun í ágúst.

Staðgreitt 259.465 kr.

Stakar dýnur, 90x200 cm., sem henta í stillanleg rúm.  
Verð frá 31.255 kr. stk.

EKKI MISSA AF ÞESSU!



22.784 kr.  
á mánuði\*  
og fyrstu afborgun í ágúst.



## ER ALLT KLÁRT FYRIR SUMARIÐ?

Headdemock-hengirúmið frá Fatboy er tilvalið á pallinn, í garðinn, sumarhúsið og einnig er hægt að pakka því saman og taka það með í hjólhýsið, tjaldvagninn eða ferðabílinn.



Verð: 47.886 kr.

Fáanlegt í 16 litum.

www.sekkur.is

fatboy®

\*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán\*\*. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955

rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan  
HEILSURÚM